

Niðurstöður og tillögur starfshóps um skólareglur og aga í grunnskólum

Ágúst 1999

*Til samráðsnefndar menntamálaráðuneytisins,
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og samtaka kennara og skólastjóra.*

Reykjavík, 24. ágúst 1999.

Á fundi samráðsnefndar þann 14. maí 1998 var ákveðið að stofna til starfshóps til að fjalla um „skólareglur og aga í grunnskólum.” Nánar tiltekið var hópnum falið að huga að endurskoðun á gildandi reglugerð nr. 385/1996 um skólareglur og aga í grunnskólum og að taka saman leiðbeinandi vinnureglur um meðferð agabrota í grunnskólum, m.a. með tilliti til stjórnarsýslulaga. Loks er nefnt að hópurinn skuli huga að undirbúningi málþings um agamál í skólum.

Í starfshópnum sitja skv. tilnefningum, Guðmundur Sighvatsson frá Skólastjórafélagi Íslands, Guðni Olgeirsson frá menntamálaráðuneytinu, Jón Hjartarson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Jónína Bjartmarz frá Landssamtökunum Heimili og skóla, Svandís Ingimundardóttir frá Kennarasambandi Íslands og Þórhildur Líndal, umboðsmaður barna.

Hópurinn allur hefur fundað 14 sinnum að viðbættum vinnufundum sem aðilar hafa skipt sér á. Þegar hópurinn kom saman hafði umræðan um agaleysi og skólareglur verið mjög hávær um margra mánaða skeið. Að mati hópsins einkenndist samfélagsumræðan af öryggisleysi gagnvart réttarstöðu og ábyrgð aðila skólasamfélagsins í nýju og breyttu starfsumhverfi, ekki síst meðal skólayfirvalda. Við yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaga urðu breytingar, með setningu stjórnarsýslulaga, nýlegrar reglugerðar um skólareglur og aga og úrskurða menntamálaráðuneytisins um skólareglur og brottrekstur úr skóla. Vegna þessara aðstæðna áleit hópurinn nauðsynlegt að skoða mál þessi ofan í kjölinn og fá þannig ákveðna yfirsýn. Hópurinn viðaði að sér gögnum víðs vegar að, m.a. ýmsum lögum og reglugerðum, úrskurðum ráðuneytisins í kærumálum og skólareglum ýmissa skóla. Ástæða þótti jafnframt til að kanna hvernig staðið væri að þessum málum hjá grannþjóðum. Upplýsinga var aflað bæði með spurningum sem vísað var til sambærilegra stofnana og samtaka. Auk þess kynnti hópurinn sér norrænar reglugerðir og aðrar reglur um aga í skólum og skólareglur.

Lestur og umræður um þau gögn sem hópurinn aflaði sér víkkaði enn sjóndeildarhring hópsins og lagði grunninn að ákveðinni sýn sem hópurinn varð sammála um. Þannig var full sátt um að móta ákveðna hugmyndafræði bæði sem nauðsynlegan grunn undir áframhaldandi vinnu hópsins og sem grundvöll reglugerðar um skólareglur svo og skólareglur einstakra skóla.

Stjórnsýsla skóla var mikið rædd, sérstaklega hlutverk og staða skólastjóra og hlutverk umsjónarkennara. Fjallað var um kennaramenntun og á hvern hátt hana mætti bæta til góðs fyrir samstarf og samskipti í skólastarfi. Umræðan um stoðkerfi skóla í tengslum við aga og skólareglur tók drjúgan tíma svo og umræða um viðurlög við brotum á skólareglum og meðferð agamála. Loks var fjallað um nauðsyn þess að koma á fót „úrlausnarnefndum“ innan sveitarfélaga eða skólahverfa sem lið í því að koma í veg fyrir ágreining og leita lausna á ágreiningi til að koma í veg fyrir kærumál.

Í 1. kafla er almenn greinargerð, í 2. kafla drög að reglugerð um skólareglur, í 3. kafla ítarlegar skýringar við einstakar greinar. Í 4. kafla eru ýmsar tillögur starfshópsins sem lúta að bættri stjórnsýslu skóla og starfsumhverfi og loks fylgja dæmi um vinnugögn fyrir skólastjóra í 5. kafla.

Reykjavík 24. ágúst 1999

Starfshópur um skólareglur og aga í grunnskóla.

.....
Guðmundur Sighvatsson

.....
Guðni Olgeirsson

.....
Jón Hjartarson

.....
Jónína Bjartmarz

.....
Svandís Ingimundardóttir

.....
Þórhildur Líndal

Efnisyfirlit

1.	Almenn greinargerð	5
1.1	Álitaefni og úrskurðir	5
1.2	Ný aðalnámskrá grunnskóla	6
1.3	Gildandi reglugerð um skólareglur og aga í grunnskólum og reglur nágrannaþjóða	8
1.4	Hugmyndafræði starfshópsins um skólareglur	9
1.5	Stjórnsýsla grunnskóla	10
1.6	Að semja skólareglur	12
2.	Drög að nýrri reglugerð um skólareglur í grunnskóla	15
3.	Athugsemdir við einstakar greinar reglugerðar um skólareglur	18
4.	Ýmsar tillögur starfshópsins	23
4.1	Erindisbréf fyrir kennara, skólastjóra og skólanefndir	23
4.2	Sérniðin námskeið fyrir skólastjórnendur um stjórnsýslu skóla og gerð skólareglna	23
4.3	Námskeið og fræðslufundir fyrir starfsfólk skóla	24
4.4	Aukin áhersla á bekkjarstjórnun og samskipti í almennum kjarna kennaranáms	25
4.5	Leiðbeiningarrit fyrir foreldra og aðra sem málið varða um stjórnsýslu skóla	27
4.6	Starf umsjónarkennara verði eft	28
4.7	Stoðkerfi skóla verði styrkt	29
4.8	Nefnd til að koma í veg fyrir ágreining og kærur	30
4.9	Málþing um skólareglur og stjórnsýslu skóla	30
	Samantekt á helstu tillögum starfshóps um skólareglur og aga	31
	Helstu stuðningsrit, lög og reglugerðir	33
	Vinnugögn fyrir skólastjóra - ferlar og eyðublöð, (sýnishorn, drög)	34

1. Almenn greinargerð

1.1 Álitæfni og úrskurðir

Menntamálaráðuneytið hefur á undanförunum árum felld ýmsa úrskurði um skólareglur og brottrekstur úr skóla, einkum eftir flutning grunnskóla til sveitarfélaga í kjölfar [grunnskólalaga nr. 66/1995](#) og úrskurðar umboðsmanns Alþingis um stjórnslu skóla eftir setningu stjórnslulaga nr. 37/1993. Starfshópurinn hefur haft ofangreind atriði til hliðsjónar við vinnu sína. Eftirfarandi er stutt samantekt um helstu þætti í úrskurðum ráðuneytisins og umboðsmanns Alþingis.

Litið hefur verið svo á í stjórnslufrákvæmd hér á landi á undanförunum árum, að ákvörðun um að víkja nemanda úr skóla í fleiri en einn skóladag teljist ákvörðun um réttindi og skyldur, sem falli undir 2. mgr. 1. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, sbr. m.a. álit umboðsmanns Alþingis í SUA 1994, bls. 295 og álit menntamálaráðuneytisins í nokkrum málum. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. stjórnslulaga taka lögini til stjórnslu ríkis og sveitarfélaga, og eftir 2. mgr. 1. gr. laganna, sem að framan var vitnað til, gilda lögini, þegar stjórnvöld, þar á meðal stjórnslunefndir, taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna. Þau gilda þó ekki um samningu reglugerða né annarra almennra stjórnvaldsfyrirmæla.

Í framangreindu álitum umboðsmanns Alþingis segir: „Eins og fram kemur í framangreindum lögskýringargögnum [greinargerð frumvarps þess, er varð að stjórnslulögum], fellur kennsla almennt ekki undir stjórnslulögini eða ákvarðanir, sem lúta að framkvæmd kennslu, svo sem um það hvaða námsefni skuli lagt til grundvallar við kennslu o.fl. Ákvarðanir um agaviðurlög og skyld úrræði geta aftur á móti fallið undir stjórnslulögini. Með hliðsjón af framangreindum ummælum í greinargerð verður væntanlega að telja, að hin vægari úrræði, sem notuð eru til að halda uppi aga og almennum umgengnisvenjum, teljist almennt ekki stjórnvaldsákvarðanir. Þannig verða ávítur og áminningar svo og brottvísun nemanda úr ákveðinni kennslustund almennt ekki talin stjórnvaldsákvarðanir. Væntanlega verður brottvísun úr skóla það, sem eftir er skóladags, heldur ekki talin það. Sú ákvörðun að meina nemanda að sækja kennslutíma í ákveðnu fagi um nokkurt skeið eða víkja honum úr skóla í fleiri en einn skóladag, telst aftur á móti ákvörðun um slík réttindi og skyldur, þannig að hún fellur undir 2. mgr. 1. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Ber því að fara með slík mál í samræmi við ákvæði stjórnslulaga nr. 37/1993." Við samningu reglugerðar nr. 385/1996 um skólareglur og aga hafði ráðuneytið hliðsjón af framangreindu álitum umboðsmanns Alþingis.

Í nýlegum stjórnsluúrskurði menntamálaráðuneytisins kemur fram að viðurkenna verði að viðbrögð við agavandamálum í skólum þurfi yfirleitt að vera skjót og hljóta að vera mjög háð mati kennara og skólastjóra. Getur þetta átt við um öll hin vægari úrræði. En þegar komi að beitingu strangari úrræða eins og til dæmis tímabundinnar eða varanlegrar brottvísunar úr skóla, verði hins vegar að gæta þess vandlega að málsmeðferð sé í samræmi við ákvæði

stjórnsýslulaga og meginstefnu grunnskólalaga. Sjónarmið um vandaða málsmeðferð hljóti að veða þyngra í tilvikum af síðargreinda taginu heldur en sjónarmið um skjót viðbrögð í sem beinustu framhaldi af broti.

Meginstefna grunnskólalaga er sú að að leitað skuli orsaka hegðunarvandamála hjá nemanda og reyna að ráða bót á þeim með samvinnu skólafyrivalda, nemandans sjálfs, forráðamanna hans og sérfróðra ráðgjafa. Er gert ráð fyrir því að tilraunir séu gerðar til þess að leysa agavandamál innan skólans og að slíkt geti tekið allt að einni viku áður en gripið er til annarra aðgerða en þá skal málinu vísað til meðferðar skólanefndar. Brottvísun úr skóla jafnvel tímabundið er neyðarúrræði, sem heimilt er en ekki skylt að grípa til samkvæmt mati skólustjóra. Verður að telja að slíka ákvörðun beri að taka að undangengnu sjálfstæðu mati á öllum aðstæðum og viðræðum við þá sem málið varðar, en ekki samkvæmt verklagsreglum einstakra skóla. Hegðunarvandamál sem varðað geta brottvikningu úr skóla, eiga samkvæmt úrskurði menntamálaráðuneytisins og umboðsmanns Alþingis að fá einstaklingsbundna meðferð.

1.2 Ný aðalnámskrá grunnskóla

Í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla er sérstakur kafli um samvinnu heimila og skóla og velferð nemenda. Hér verður vakin athygli á nokkrum atriðum í þeirri hugmyndafræði sem fram kemur í aðalnámskránni, en starfshópur um skólareglur og aga fylgdist með gerð þessa hluta aðalnámskrár og miðaði starf sitt við þá hugmyndafræði.

Í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla, samanber auglýsingu menntamálaráðuneytisins frá 24. febrúar 1999, er hugtakið skólasamfélag skilgreint á bls. 44. Þar segir: „Þrjú hópar mynda skólasamfélagið í hverjum skóla, þ.e. nemendur, starfsfólk skólans og foreldrar/forsjáraðilar. Mikilvægt er að þessir hópar vinni vel saman að mótun þessa samfélags og þeirra umgengnishátta sem eiga að einkenna samskipti innan skólans og utan. Til þess að það gangi vel þarf að ræða reglulega um áherslur og koma sér saman um meginviðmið. Foreldrar/forráðamenn bera frumábyrgð á uppeldi barna sinna. Á þeim hvílir sú skylda að börnin sæki skóla og að þau séu eins móttækileg fyrir þeirri menntun sem skólinn annast og framast er unnt. Skólinn aðstoðar foreldra í uppeldishlutverkinu og býður fram menntunartækifæri. Menntun og velferð nemenda er sameiginlegt verkefni heimila og skóla og samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, gagnkvæmu trausti, samábyrgð og gagnkvæmri upplýsingamiðlun.“

Í aðalnámskránni eru skýr ákvæði um samvinnu heimila og skóla. Þar segir á bls. 44: „Mesta áherslu ber að leggja á samstarf heimila og skóla um hvern einstakling, nám hans og velferð og heimili og skóla sem vettvang menntunar. Einnig ber að leggja áherslu á samstarf í

einstökum bekkjardeildum eða samkennsluhópum og árgöngum bæði um nám, velferð nemenda, bekkjaranda og meginviðmiðanir í uppeldisstarfi skólans. Loks er mikilvægt að traust samstarf sé milli heimila og skóla um skólastarfið í heild, t.d. hvað varðar meginviðmiðanir í hegðun og umgengni, skólabrag, áhersluatriði í skólastefnu hvers skóla eða sveitarfélags. Gert er ráð fyrir að foreldrar taki þátt í mótun skólasamfélagsins og vinni að því með kennurum og öðrum starfsmönnum skóla að koma markmiðum skólastarfs í framkvæmd. Einnig að foreldrar taki í auknum mæli höndum saman til að tryggja börnum sem best uppeldisskilyrði og almenna velferð.“

Í kaflanum um velferð nemenda er m.a. vísað í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og í námskránni segir m.a. á bls. 47: „Börn eiga rétt á að láta skoðanir sínar frjállega í ljós í öllum málum sem þau varða og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Því þarf að leita allra leiða í skólum til að treysta almenna velferð nemenda í samvinnu við foreldra og tryggja að nemendur hafi tækifæri til að tjá sig um mál sem þá varðar og taka þátt í mótun skólasamfélagsins í samræmi við aldur og þroska. Þó verður ætíð að hafa hugfast að grunnskólanemendur eru ósjálfráða og lúta forsjá fullorðinna.“

Í aðalnámskránni eru einnig settar meginviðmiðanir um skólareglur og vinnubrögð við setningu þeirra. Þar segir m.a. á bls. 48: „Skólastjóri skal sjá til þess að skólareglur séu settar. Skólareglur varða allt skólasamfélagið, þ.e. starfsfólk skólans og stjórn hans, nemendur og foreldra. Því er afar mikilvægt að sjónarmið foreldra fái notið sín við setningu skólareglna hvers skóla og að foreldrar séu sáttir við reglurnar. Á sama hátt er nauðsynlegt að fulltrúar nemenda eða nemendaráðs komi að gerð skólareglna og geti túlkað reglurnar fyrir skólafélögum og beri þannig nokkra ábyrgð á þeim. Samfara skólareglunum ber að birta viðurlög við brotum á þeim þannig að öllum aðilum sé ljóst hvaða reglur gildi í skólanum og hvaða viðurlög séu við brotum á þeim.“

Loks segir í kaflanum um velferð nemenda um vinnufrið og starfsanda í skólum bls. 48: „Ein af grundvallarréttindum nemenda eru þau að hafa vinnufrið í skólanum þannig að þeir geti náð sem bestum tókum á náminu og að kennslan nýtist þeim sem best. Því þarf að leggja mikla áherslu á að skapa góðan vinnuanda í hverjum skóla og í einstökum bekkjardeildum. Leggja þarf áherslu á námsaga og sjálfsaga nemenda, góða umgengni, jákvæð samskipti, umburðarlyndi, kurteisi og háttvísa framkomu. Einnig ber að leggja áherslu á að styrkja sjálfsvirðingu nemenda, sjálfsmynd, virðingu nemenda gagnvart öðrum og eigum annarra. Þá aukast líkur á því að skólabragur verði jákvæður og að nemendum líði sem best í skólanum.“

1.3 Gildandi reglugerð um skólareglur og aga í grunnskólum og reglur nágrannabjóða

Hópurinn kynnti sér norrænar reglugerðir og reglur um aga og skólareglur í grunnskólum og fór yfir gildandi reglugerð um skólareglur og aga í grunnskólum nr. 385/1996 með hliðsjón af norrænu reglunum. Í ljós kom að í norrænu reglunum eru ýmis atriði sem ekki er fjallað um í okkar reglugerð. Þannig er í íslensku reglugerðinni ekki fjallað um eftirtalda þætti:

- markmið skólareglna
- markmið eða forsendur viðurlaga
- líkamlegar refsingar
- um líkamlega valdbeitingu
- um ábyrgð á nemenda á skólatíma (sem vikið er úr kennslustund)
- um ábyrgð á nemanda á skólatíma, sem vikið er úr skóla það sem eftir er dags eða lengur
- viðbrögð skóla gagnvart nemendum með félagsleg- og tilfinningaleg vandamál

Í norskum reglum um aga í grunnskóla og starfsumhverfi nemenda er t.d. gert ráð fyrir mismunandi ástæðum agabrota nemenda og virðast gerðar mismunandi kröfur til nemenda í samræmi við ólíkar forsendur þeirra, þroska, félagsleg- og tilfinningaleg vandamál o.fl. Þannig er í norskum grunnskólum gert ráð fyrir því þegar hegðun nemenda brýtur í bága við gildandi skólareglur, að skólinn skuli fyrst, í samráði við foreldra og með sérfræðipjónustu skóla þegar með þarf, kanna hvort ástæður agabrots, vanlíðunar eða hegðunar liggja í:

- náms- og kennsluháttum eða samsetningu bekkja eða námshópa
- tengslum kennara og nemenda eða heimilis og skóla
- aðstæðum í nemenda- eða félagahópnum
- uppeldis- og/eða félagslegum aðstæðum á heimili
- líkamlegum eða andlegum þroska nemenda
- félagslegum eða tilfinningalegum vandamálum

Skólanum er ætlað í samvinnu við sérfræðipjónustu þegar ástæða þykir til að meta hvort og með hvaða hætti megi breyta aðstæðum.

Í gildandi reglugerð um skólareglur og aga í er á hinn bóginn ekki gerður sá greinarmunur á nemendum eftir getu þeirra, þroska og öðrum aðstæðum sem m.a. er gert ráð fyrir í markmiðsgrein grunnskólalaga og reglugerð um sérkennslu. Að mati starfshópsins er því nauðsynlegt að setja nýja reglugerð þar sem kveðið verði á um einstaklingsmeðferð agabrota og mismunandi viðbrögðum og viðurlögum eftir eðli máls og mati á heildaraðstæðum nemenda hverju sinni. Hópurinn telur að á sama hátt og markmiðsgrein grunnskólalaga fer ekki í bága við jafnræðisreglu stjórnsluréttar að þá fari ákvæði reglugerðar sem gera ráð fyrir mismunandi viðbrögðum og viðurlögum við hegðunarbrotum í grunnskóla heldur ekki í bága við jafnræðisregluna.

Jafnrétti til náms er samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla talið fólgið í því að bjóða nemendum nám og kennslu við hæfi hvers og eins og gefa þeim tækifæri til að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali. Í því er ekki endilega talin felast sömu úrræði fyrir alla heldur sambærileg og jafngild tækifæri og að finna leiðir til að koma til móts við ólíka getu og ólík áhugamál nemenda, þ.e. að veita menntun við hæfi hvers og eins.

Á sama hátt hlýtur að þurfa að gera ráð fyrir mismunandi viðbrögðum og viðurlögum við hegðun nemenda í grunnskólum sem brýtur í bága við skólareglur, og tryggja að ávallt sé leitað að orsökum vanda áður en ákvarðanir eru teknar.

1.4 Hugmyndafræði starfshópsins um skólareglur

Við lestur skólareglna ýmissa grunnskóla kom í ljós að skólamenn hafa mjög mismunandi sýn á hlutverk skóla gagnvart uppeldi nemenda og þar af leiðandi á hlutverk foreldra og heimilanna. Þannig fundust t.d. dæmi um skólareglur þar sem sagði að þá fyrst skyldi hafa samband við foreldra eftir aðra áminningu. Þetta varð m.a. kveikjan að hópurnum taldi nauðsynlegt að koma sér saman um ákveðna hugmyndafræði. Eftirfarandi er inntak þeirrar hugmyndafræði sem hópurnum varð sammála um og styðst m.a. við ákvæði stjórnarskár, barnalaga, grunnskólalaga, stjórnarsýslulaga, barna- og mannréttindasáttmála og aðalnámskrár grunnskóla frá 1999.

Uppeldi og menntun eru samofin. Í því felst öðru fremur að byggja upp og rækta sjálfstæðan einstakling með góða sjálfsmýnd og sjálfstraust. Börn þarf bæði að fræða og kenna að nota hæfileika sína og þekkingu til góðra hluta. Leggja þarf rækt við vitsmuni, bókvit jafnt og verksvit, siðvit, tilfinninga-, siðferðis- og félagsþroska. Fjölskyldan er uppspretta tilfinningatengsla og þar verða til þau siðferðisgildi og lífsreglur sem móta einstaklinginn alla tíð. Einstaklingsuppeldið er einkum í höndum fjölskyldunnar en félagslegt uppeldi barna er að verulegu leyti samstarfsverkefni fjölskyldunnar og skólans.

Foreldrar eru aðaluppalendur barna sinna. Foreldrar hafa í uppeldishlutverki sínu mikið svigrúm og frelsi. Stofnanir samfélagsins eiga að styðja fjölskylduna í uppeldis- og menntunarhlutverki hennar og starfa með fjölskyldunni á grundvelli ábyrgðar foreldra á börnum sínum. Skólinn er í aðalhlutverki sem veigamesti samstarfsaðili foreldra og heimilanna. Foreldrar bera ábyrgð á börnum sínum gagnvart skólanum.

Aðilar skólasamfélagsins eru auk nemenda, starfsmenn skólanna og foreldrar. Samstarf og samábyrgð þarf að vera á milli allra og kennarar og aðrir starfsmenn skóla jafnt og foreldrar þurfa að gera sér grein fyrir ábyrgð sinni sem fyrirmyndir. Allir þurfa að fylgja þekktum og viðurkenndum leikreglum sem grundvallast á siðferðilegum gildum sem eru forsendur skólareglna.

1.5 Stjórnsýsla grunnskóla

Menntamálaráðherra:

Fer með yfirstjórn grunnskólans í landinu, ber ábyrgð gagnvart löggjafanum á framkvæmd grunnskólalaga, annast eftirlit með skólastarfi og framkvæmir mat á skólastarfi, gefur út reglugerðir skv. grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Menntamálaráðuneytið úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp koma um framkvæmd grunnskólalaga.

Sveitarstjórn:

Fer með málefni grunnskólans heima í héraði. Grunnskólinn er stofnun á vegum sveitarfélags sem það ber ábyrgð á, bæði faglega og fjárhagslega. Sveitarstjórn er falið að sjá til þess að unnið sé skv. grunnskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá grunnskóla. Skólanefnd og skólastjóri starfa í umboði sveitarstjórnar. Umboð sitt veitir sveitarstjórn með sérstöku erindisbréfi til skólanefndar og skólastjóra í samræmi við lög, reglugerðir og kjarasamninga. Sveitarstjórn úrskurðar í ýmsum málum sem upp kunna að koma og ekki varða framkvæmd grunnskólalaga, s.s. um starfssvið og starfsskyldur einstakra starfsmanna og deilur um framkvæmd skólaaksturs.

Skólanefnd:

Starfar samkvæmt grunnskólalögum og í umboði sveitarstjórnar skv. erindisbréfi. Erindisbréf eru fyrirmæli sveitarstjórnar til skólanefndar og fyrirsögn um hvaða málefni hún skuli fást við og með hvaða hætti. Skólanefnd sem stjórnsýslunefnd getur þurft að leggja sjálfstætt mat á hvort skólastjóri hafi staðið rétt að málum, t.d. við beitingu viðurlaga. Skólanefnd getur gefið skólastjóra fyrirmæli í krafti stöðu sinnar, sbr. 12. gr. laga nr. 66/1995.

Skólanefnd hefur eftirlit með starfi grunnskólans og aðstæðum til skólahalds, samkvæmt lögum og í umboði sveitarstjórnar og sér um að lögbundin starfsemi geti farið fram.

Skólastjóri:

Stjórnar starfi grunnskólans í umboði sveitarstjórnar og skólanefndar og samkvæmt grunnskólalögum, reglugerðum, aðalnámskrá grunnskóla, skólanámskrá hvers skóla svo og eftir áherslum sveitarfélagsins. Hann ábyrgist að starfsemi skólans sé í samræmi við gildandi lög og reglur.

Hann er faglegur leiðtogi starfsins. Með erindisbréfi veitir sveitarstjórn skólastjóra umboð til starfa. Í erindisbréfi skólastjóra er kveðið nánar á um starfssvið og verkþætti sem sveitarstjórn ætlar honum, fyrirmæli um með hvaða hætti aðkoma skólastjóra sé að málum o.fl. sem sveitarstjórn á hverjum stað telur nauðsynlegt að gefa fyrirmæli um.

Sveitarstjóri er næsti yfirmaður skólastjóra, nema sveitarstjórn ákveði annað.

Skólastjóra ber að framfylgja samþykktum skólanefndar. Komi upp ágreiningur milli skólanefndar og skólastjóra getur hvor aðili um sig skotið málinu til úrskurðar hjá

sveitarstjórn eða ef ágreiningurinn varðar framkvæmd grunnskólalaganna þá getur hvor aðili um sig skotið málinu til úrskurðar hjá menntamálaráðuneyti. Komi upp ágreiningur milli sveitarstjórnar og skólastjóra ber skólastjóra að fara að fyrirmælum sveitarstjórnar.

Kennarar:

Starfa undir stjórn skólastjóra skv. grunnskólalögum, reglugerðum, aðalnámskrá grunnskóla, skólanámskrá viðkomandi skóla, kjarasamningum, erindisbréfi, o.s. frv.

Annað starfsfólk grunnskóla:

Starfar undir stjórn skólastjóra skv. lögum, kjarasamningum, skólanámskrá og starfslýsingu sem sveitastjórn hefur látið því í té.

Nemendur:

Starfa í grunnskólanum skv. grunnskólalögum, aðalnámskrá, skólanámskrá og reglum skólans. Nemendur starfa í skólum í samvinnu við yfirstjórn skólans, kennara og annað starfsfólk. Skólasamfélagið ber sameiginlega ábyrgð á að markmiðum skólastarfs verði náð.

Foreldrar:

Þegar lögbundinni eftirlitsskyldu menntamálaráðuneytisins og skólanefndar með starfi grunnskólans sleppir, er það foreldranna að veita skólastarfinu aðhald. Þar ber fyrst að telja hlutverk einstakra foreldra í samstarfi við skólann í samræmi við grunnskólalög og aðalnámskrá grunnskóla. Foreldraráð, sem starfa skv. 16. gr. laga nr. 66/1995, er lögbundinn umsagnaraðili um skólanámskrá einstakra skóla. Skólastjóri er ábyrgur gagnvart stofnun þess. Hlutverk foreldraráða er að fjalla um allar helstu áætlanir skólans, t.d. fjárhagsáætlun, skólanámskrá, áætlun um skólaakstur og aðrar fyrirætlanir sem varða skólahaldið. Umfjöllun sinni kemur foreldraráð á framfæri við skólastjóra og skólanefnd, sem eiga að bregðast við álit foreldraráðs á málefnalegan hátt. Gott foreldrasamstarf er vísasti vegurinn til þess að styrkja skólastarfið.

Stjórnsýslulög

Þegar fjallað er um skólareglur og viðurlög verður ekki horft fram hjá stjórnsýslulögum. Stjórnsýslulögin eru reglur um meðferð mála þegar taka þarf ákvarðanir um rétt eða skyldu manna. Þessar ákvarðanir nefnast stjórnvaldsákvarðanir. Stjórnsýslureglum er almennt ætlað að tryggja öryggi borgaranna gagnvart stjórnvöldum og gilda á öllum sviðum stjórnsýslu. Öllum stjórnendum sem koma að grunnskólum ber við ákvarðanatöku að fylga reglum stjórnsýsluréttar um meðferð mála. Skólastjóri, skólanefnd, sveitarstjórn og menntamálaráðuneytið geta þurft að taka slíkar ákvarðanir varðandi einstaka nemendur innan skólans og ber þá að taka tillit til eftirfarandi ákvæða stjórnsýslulaga nr. 37/1993:

7. gr. **Leiðbeiningarskyldan**; stjórnvaldi ber að leiðbeina málsaðila og veita honum nauðsynlega aðstoð varðandi þau mál sem snerta starfssvið þess.

10. gr. **Rannsóknarreglan**; stjórnvald skal gæta þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því.

11. gr. **Jafnræðisreglan**; stjórnvaldi ber að gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti. Þetta þýðir að meðhöndla verður sambærileg mál á sambærilegan hátt.

12. gr. **Meðalhófsreglan**; stjórnvald skal aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði verður ekki náð með öðru og vægara móti. Þetta þýðir að stjórnvald skal ætíð gæta hófs í meðferð valds síns, þ.m.t. við beitingu viðurlaga.

13. gr. **Andmælaréttur**; aðili máls á rétt á að tjá sig um efni máls áður en ákvörðun er tekin, enda liggi afstaða hans ekki fyrir í málgögnum.

14. gr. **Tilkynning um meðferð máls**; eigi aðili rétt á að tjá sig um efni þess skv. 13. gr. skal stjórnvald svo fljótt sem því verður við komið vekja athygli aðila á að mál hans sé til meðferðar, nema ljóst sé að hann hafi fengið þá vitneskju fyrir fram.

Fleiri greinar stjórnsýslulaga koma við sögu í meðferð mála en þessar eru helstar og þurfa skólastjórar að fylgja þeim þegar þörf er á beitingu viðurlaga.

1.6 Að semja skólareglur

Litið er svo á að þar sem skólareglurnar varða alla aðila skólasamfélagsins, er eðlilegt að vinnsla þeirra sé samstarfsverkefni viðkomandi aðila, en þær ekki settar einhliða af skólastjórnendum. Engu að síður ber skólastjóri ábyrgð á setningu skólareglna og hefur síðasta orðið um þær samkvæmt úrskurði menntamálaráðuneytisins. Þessi skoðun rímar einnig við það meginviðhorf að foreldrar beri ábyrgð á uppeldi barna sinna og skólinn sé í samvinnu við foreldra um uppeldi og menntun. Vegna þessa er afar mikilvægt, að sjónarmið foreldra sjáist í regluverki skólans og að foreldrar séu sáttir við það. Á sama hátt er nauðsynlegt að fulltrúar nemenda hafi komið að reglusmíðinni og geti túlkað ástæður reglnanna fyrir félögum sínum og beri þannig nokkra ábyrgð á þeim. Myndin á næstu blaðsíðu lýsir a.m.k. einni aðferð sem unnt er að hafa við reglusmið og ákvörðun viðurlaga og úrræða í einstökum skólum.

Skýringar við skipurit

Eins og skipuritið ber með sér er gert ráð fyrir að starfshópur foreldra, starfsmanna skólans og nemenda komi saman að því að semja reglur skóla og beri um leið sameiginlega ábyrgð á þeim.

Skólareglur verða að byggja á ákveðnum grunni sem samanstandur af:

1. Hugmyndafræði; sem er sameiginleg öllum skólareglum í landinu þar sem skilgreind er ábyrgð og skyldur aðila, siðfræðileg- og félagsleg viðmið auk hugleiðinga um rökin fyrir samvinnu heimilis og skóla. Hugmyndafræðin byggir á almennum hluta nýrrar aðalnámskrár grunnskóla frá 1999.

2. Grunnskólalögum; 2. gr. 6. gr. 15. gr. 16. gr. og 41. gr. laga nr. 66/1995.

3. Reglugerð um skólareglur, með stoð í 41. gr. grunnskólalaga.

4. Stjórnsýslulögum; greinar sem eiga við mál hverju sinni.

5. Upplýsingalögum; viðeigandi greinar skv. eðli máls.

6. Sérstökum áherslum skólans; sem byggjast á aðstæðum og aðilar eru sammála um að skuli gilda.

Nauðsynlegt er að reglurnar nái utan um skólahaldið á þann hátt:

- að ábyrgð hvers og eins sé ljós
- að vinnulag við framkvæmd regnanna sé skýrt og öllum kunnugt
- að aðilar séu sammála um að reglurnar séu grundvöllur að lausn mála þegar vanda ber að höndum
- að unnt sé að stjórna skólanum á grundvelli regnanna og tryggja ábyrga aðkomu foreldra við lausn vandamála, þ.e. að vandamál eru ekki einkamál skólans.

Nefnd til að koma í veg fyrir ágreining og kærur: er samstarfsvettvangur sem unnt er að kalla saman til þess að ráðgast um leiðir til að koma í veg fyrir ágreining og leita lausnar á vandamálum á vettvangi skólans. Brynt er að koma á fót slíkum nefndum, (sjá tillögu 4.8).

2. Drög að nýrri reglugerð um skólareglur í grunnskóla

Starfshópur um skólareglur og aga hefur unnið að endurskoðun á gildandi reglugerð um skólareglur og aga í grunnskólum nr. 385/1996. Starfshópurinn leggur fram drög að nýrri reglugerð um skólareglur ásamt útarlegri greinargerð í sérstökum kafla. Við endurskoðunina hafði hópurinn hliðsjón af stjórnarsýsluumhverfi skóla, úrskurðum menntamálaráðuneytisins, grunnskólalögum, reglugerðum við grunnskólalög, almennum hluta nýrrar aðalnámskrár grunnskóla og sambærilegum reglum í nágrannalöndunum.

1. gr.

Hver grunnskóli setur sér skólareglur sem skylt er að fara eftir. Tilgangur skólareglna er að stuðla að góðum starfsanda. Forsendur góðs starfsanda eru vellíðan, gagnkvæmt traust, virðing og samábyrgð allra í skólasamfélaginu.

2. gr.

Skólareglur skulu vera skýrar og afdráttarlausar og í samræmi við uppeldishlutverk grunnskólans og aðalnámskrá.

Í þeim skal kveðið á um almenna umgengi, samskipti, ástundun náms og heilbrigðar og hollar lífsvenjur.

Í reglunum skal koma skýrt fram hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum á þeim, þ.m.t. hvort heimilt sé að víkja nemanda úr kennslustund eða úr skóla um stundarsakir, ef um alvarleg eða endurtekin brot er að ræða.

3. gr.

Skólastjóri hefur forgöngu um og ber ábyrgð á að skólareglur séu settar. Við gerð reglnanna skal haft samráð við fulltrúa nemenda og foreldra. Leitast skal við að ná sem víðtækastri sátt um þær.

Ár hvert skulu skólareglurnar kynntar og afhentar nemendum og forráðamönnum þeirra og birtar í skólanámskrá skólans.

Umsjónarkennarar skulu fjalla um skólareglurnar með nemendum sínum eins oft og þurfa þykir. Þeir skulu einnig ræða skólareglurnar í foreldraviðtölum og á foreldrafundum.

4. gr.

Samskipti starfsfólks og nemenda skulu grundvallast á gagnkvæmri virðingu og tillitssemi. Varast skal niðurlægjandi og særandi orð og framkomu. Líkamlegar refsingar eru óheimilar.

Starfsmönnum skóla er óheimilt að beita nemanda valdi nema nauðsyn krefji til að stöðva ofbeldi eða koma í veg fyrir að nemandi valdi sjálfum sér eða öðrum skaða eða verulegu eignatjóni.

Í tilvikum sem þessum skal ávallt gera foreldrum/forsjáraðilum tafarlaust viðvart.

5. gr.

Verði misbrestur á hegðun nemanda skal skólinn leita eftir samstarfi við forráðamenn og leita leiða til úrbóta. Viðbrögð skólans skulu vera í samræmi við allar aðstæður nemandans og þroska.

Ef ekki verður bót á skal skólinn í samvinnu við sérfræðiþjónustu skóla kanna orsakir þeirra vandamála sem um ræðir og leita leiða til úrlausna. Þess skal gætt að þau úrræði og aðgerðir sem skólinn ræður yfir séu nýtt til fullnustu.

6. gr.

Skýr viðurlög skulu sett við brotum á skólareglum. Markmið með beitingu þeirra skal ávallt vera að nemandi geri sér grein fyrir eðli brotsins og afleiðingum þess.

Gæta skal hófs við ákvörðun og beitingu viðurlaga við brotum á skólareglum. Viðurlög skulu til þess fallin að hvetja nemanda til bættrar hegðunar.

Tryggja skal að umsjónarkennari, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri eða sérfróður ráðgjafi ræði við nemanda um hegðun hans.

7. gr.

Gagnvart nemanda sem ekki lætur sér segjast, þrátt fyrir undangengnar aðvaranir og áminningar, má grípa til eftirfarandi aðgerða:

1. Að láta nemanda sitja eftir í allt að eina klukkustund.
2. Að vísa nemanda frá kennslu það sem eftir lifir skóladags.

Ef nemandi lætur sér enn ekki segjast eða ef ítrekuð brot hans eru alvarleg eða um refsivert athæfi er að ræða og/eða hann stefnir eigin eða annarra lífi eða heilsu í hættu má grípa til eftirfarandi aðgerða, allt eftir alvarleika brots:

1. Að vísa nemanda tímabundið úr kennslustundum í ákveðinni námsgrein.
2. Að vísa nemanda um stundarsakir úr skóla.

Við beitingu viðurlaga skv. 1. og 2. tl. 1. mgr. og 1. tl. 2. mgr. skal tryggt að nemandi sé í umsjá fagaðila innan skólans.

8. gr.

Foreldrum/forsjáraðilum skal ætíð gerð grein fyrir brotum nemanda á skólareglum. Nemandi skal alltaf gefinn kostur á að tjá sig um hegðun sína.

Ávallt skal hafa samstarf við foreldra/forsjáraðila nemanda um úrlausn máls.

Við beitingu viðurlaga skv. 2. mgr. 7. gr. skal gæta ákvæða stjórnssýslulaga nr. 37/1993 um undirbúning og meðferð máls.

Sé nemandi vikið úr skóla um stundarsakir skv. 2. mgr. 7. gr. skal skólastjóri tafarlaust tilkynna skólanefnd þá ákvörðun. Takist skólastjóra ekki að leysa vanda nemanda innan skóla á viku vísar hann málinu til skólanefndar. Skólanefnd tekur málið til úrlausnar, útvegar nemandanum viðeigandi kennsluúrræði og beitir sér fyrir úrbótum í samráði við alla aðila málsins. Skólanefnd ber ábyrgð á að innan þriggja vikna frá brottvísun hafi nemandi verið tryggð skólavist.

Forráðamenn geta skotið ákvörðun skólanefndar til úrskurðar menntamálaráðuneytisins.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 41. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 385/1996 um skólareglur og aga í grunnskólum.

3. Skýringar við einstakar greinar reglugerðar

Skýringar starfshóps um skólareglur og aga við drög að nýrri reglugerð um skólareglur í grunnskóla

Skýringar þær sem hér fara á eftir eru settar fram í þeim tilgangi að auðvelda skólasamfélaginu að framfylgja reglugerðinni. Þær útskýra hverja grein fyrir sig og þau hugtök sem þar koma fyrir auk þess að gefa vísbendingar um ákveðið vinnulag við notkun reglugerðarinnar.

Í skýringunum er jafnframt vitnað til grunnskólalaga, aðalnámskrár grunnskóla, stjórnsýslu- og upplýsingalaga eftir því sem við á, viðkomandi grein til stuðnings og staðfestu.

Þá er skýringunum ætlað að afmarka yfirgrip hvorrar greinar og útlista ábyrgð og hlutverk aðila skólasamfélagsins.

Líta má á skýringarkaflann sem nokkurs konar kennsluleiðbeiningar með reglugerð um skólareglur í grunnskóla til að auðvelda markvissa notkun hennar.

Skýringar við 1. grein

Með hugtakinu skólasamfélag er átt við alla starfsmenn skólans, nemendur og foreldra/forsjáraðila, sbr. aðalnámskrá grunnskóla 1999. Í eldri skólareglum byrja einstaka greinar á orðunum, *nemandi skal* eða *nemanda ber*. Starfshópurinn leggur til að hér skuli verða breyting á og einstaka greinar skólareglna byrji á, *við skulum* eða þannig að reglurnar nái greinilega til aðila skólasamfélagsins.

Skýringar við 2. grein

Reglurnar skulu vera þannig orðaðar að öllum megi vera ljós boðskapur þeirra. Jafnframt þarf að koma skýrt fram til hvaða viðurlaga verði gripið ef um brot á reglunum er að ræða. Lagt er til að allir skólar komi sér upp ákveðnum verklagsreglum við meðferð brota á skólareglum og þær kynntar nemendum, foreldrum og öllum starfsmönnum skóla. Gæta skal þess að foreldrar fái ávallt tækifæri til að aðstoða umsjónarkennara við farsæla lausn. Rétt þykir að benda á mikilvægi þess að skrá á þar til gerð eyðublöð öll brot á skólareglum og jafnframt hvernig og hver vinni með málefni nemandans, (sjá skráningarblöð). Samkvæmt 41. gr. grunnskólalaga er heimilt að víkja nemanda úr skóla um stundarsakir. Í skólareglum þarf að koma skýrt fram hvaða brot teljast svo alvarleg að réttlæt看legt sé að víkja nemanda úr skóla um stundarsakir, sbr. 8. gr.

Ef gripið er til þess að vísa nemanda úr kennslustund þarf að tryggja að einhver fagaðili taki við honum og ábyrgist nemandann á meðan brottrekstur varir. Umsjónarkennara ber að tryggja að áfram sé unnið með mál hans. Koma þarf skýrt fram við hvaða kringumstæður réttlæt看legt sé að víkja nemanda úr kennslustund.

Skýringar við 3. grein

Skólastjóri skal stýra vinnuhópi starfsfólks skólans, nemenda og foreldra, við samningu skólareglna og ber ábyrgð á því að þær séu birtar opinberlega öllum í skólasamfélaginu ásamt útskýringum og rökstuðningi þar sem þess er talin þörf. Með víðtækri sátt er átt við að sjónarmið sem flestra komi fram. Skólastjóri hefur þó ávallt úrskurðarvald um orðalag skólareglna ef ágreiningur kemur upp. Gæta skal sérstaklega að kynningu meðal nýrra nemenda og foreldra þeirra, sem hefja nám eftir að skólaárið hefst.

Skýringar við 4. grein

Nauðsynlegt er að hver skóli setji sér skýrar samskiptareglur, bæði innbyrðis milli starfsmanna og við nemendur og foreldra. Samskiptin skulu mótast af sanngirni, kurteisi, gagnkvæmri virðingu, ábyrgð og hjálpsemi. (Sjá nánar aðalnámskrá grunnskóla, almennan hluta, í kaflanum um velferð nemenda).

Skýringar við 5. grein

Skv. 41. grein laga um grunnskóla nr. 66/1995 skal hafa samband við forráðamenn nemanda verði misbrestur á hegðun hans og í samvinnu við þá leitað leiða til úrbóta. Þegar það ferli hefst skal tekið mið af þroska nemandans, félagslegum sem andlegum, auk annarra þeirra aðstæðna sem varpað geta ljósi á hegðun hans. Enda segir í 2. grein grunnskólalaga að: „Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins.” Þetta á einnig við þegar misbrestur verður á hegðun nemanda að leita þarf allra mögulegra orsaka áður en viðurlög eru ákveðin svo þau verði bæði markviss og komi nemandanum að gagni við að bæta hegðun sína. Ennfremur segir í nýrri aðalnámskrá grunnskóla um velferð nemenda að mikilvægt sé „...að brugðist sé við strax og á viðeigandi hátt ef upp koma vandamál af einhverju tagi, t.d. stríðni, einelti, agabrot eða vanlíðan.” Öllum í skólasamfélaginu þarf að vera ljóst að ekki er eðlilegt að bregðast á sama hátt við hegðun nemanda sem greindur hefur verið með sjúkdóm, fötlun, þroskafrávik. o.fl., er setur mark sitt á hegðun hans og hins sem ekkert slíkt á við um. Sama gildir um nemendur sem vegna tiltekinna félags- og tilfinningalegra aðstæðna ráða illa við ákveðnar kringumstæður.

Í öllum tilvikum þegar upp koma hegðunarvandamál og/eða vanlíðan nemenda hlýtur að þurfa innan skólans eða í samráði við sérfræðiþjónustu skóla eða aðra utanaðkomandi aðila að

ganga fyrst úr skugga um hvort ástæðurnir liggi t.d. í náms- og kennsluháttum, samsetningu bekkja eða námshópa, tengslum kennara og nemenda, aðstæðum í nemenda- eða félagahópnum, uppeldisaðstæðum á heimili eða líkamlegum og andlegum þroska eða félagslegum og tilfinningalegum vandamálum. Viðbrögð skóla við hegðun nemenda eða vanlíðan skulu þannig taka mið af ástæðum hverju sinni og unnið skal að breytingu aðstæðna með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.

Ef ekki tekst að finna lausn á hegðunarvanda nemanda getur skólastjóri eða foreldrar/forráðamenn ákveðið að leita til sérfræðiþjónustu skóla eftir frekari aðstoð. Einnig er hægt að taka mál nemanda fyrir í nemendaverndarráði. Ráðið getur lagt til að máli sé vísað til skólasálfræðings til greiningar á vanda nemandans eða til annarrar úrlausnar sem skólaskrifstofur hafa yfir að ráða. Einnig getur forráðamönnum verið bent á að leita til Fjölskyldumiðstöðvar í fíknivörnum, heilbrigðiskerfisins, t.d. Barna- og unglingsgeðdeildar, eða annað þangað sem úrræði er að finna. Þetta skal þó aðeins gert að fullreynt sé að þær leiðir sem færar eru innan skólans til að aðstoða nemandann dugi ekki til, þ.e.a.s. viðtöl við umsjónarkennara, skólastjórnendur, námsráðgjafa, skólasálfræðing eða skólahjúkrunarfræðing.

Skýringar við 6. grein

Allir aðilar skólasamfélagsins þurfa að vera sér vel meðvitaðir um þau viðurlög sem fylgja í kjölfar brota á skólareglum. Mikilvægt er að nemendur og forráðamenn þeirra fái kynningu á þessum þáttum skólastarfsins sem öðrum að hausti ár hvert. Viðurlög við brotum á skólareglum eiga að vera til þess fallin að auðvelda nemanda að gera sér grein fyrir broti sínu og átta sig á leiðum til að bæta um betur. Ómarkviss viðurlög eru ekki vænleg til árangurs. Að vísa nemanda úr skóla vegna slakrar mætingar er dæmi um hið síðarnefnda.

Reglugerðin kveður á um hámarksviðurlög sem grípa má til en það er ákvörðun hvers skóla að setja fram vægari viðurlög í samhengi við eigin skólareglur og samskiptavenjur. Ekki er heimilt að setja fram reglur eða viðurlög sem ganga lengra.

Nemanda skal tryggt aðgengi að sérfróðum ráðgjafa í skólanum, þ.e.a.s. námsráðgjafa, skólasálfræðingi, skólahjúkrunarfræðingi eða öðrum þeim sem tekur að sér nemendavernd fyrir utan umsjónarkennara og skólastjórnendur.

Skýringar við 7. grein

Heimilt er að láta nemanda sitja eftir í allt að eina klukkustund eftir að skóladegi lýkur ef undangengnar aðvaranir og áminningar hafa ekki skilað árangri í bættri hegðun nemandans. Umsjónarkennari tilkynni forráðamönnum um eftirsetuna. Nemandi skal hafa aðgang að

tilteknu fagfólki skólans á meðan á eftirsetu stendur og ekki undir neinum kringumstæðum vera eftirlitslaus. Það sem fram fer í eftirsetu skal vera í fullu samræmi við ástæður hennar.

Nauðsynlegt getur reynst að vísa nemanda frá kennslu það sem eftir lifir kennslustundar eða skóladags ef þörf er á að grípa inn í aðstæður með hraði. Sem dæmi má nefna að ef nemandi, þrátt fyrir tiltal, kemur, með hegðun sinni, í veg fyrir að hægt sé að stunda kennslu og nám. Í aðalnámskrá grunnskóla er á bls. 49 lögð áhersla á þau grundvallarréttindi nemenda „...að hafa vinnufrið í skólanum þannig að þeir geti náð sem bestum tökum á náminu og að kennslan nýtist þeim sem best.”

Haldi nemandi uppteknum hætti þrátt fyrir ofangreind viðurlög og brot hans eru þess eðlis að ólíðandi er fyrir aðra aðila getur þurft að vísa nemanda úr tiltekinni námsgrein um tíma meðan reynt er að koma lagi á samskipti hans og hegðun. Þá má einnig grípa til þess ráðs að flytja nemanda yfir í kennslustund til annars kennara en með þeim skilyrðum að áður hafi verið gert samkomulag um slíkt milli kennara og foreldrar/forráðamenn upplýstir um fyrirhugaðar ráðstafanir. Forsenda flutnings er að aðrir nemendur geti ekki notið kennslu ella.

Ef allt um þrýtur og nemandi lætur sér ekki segjast má vísa honum tímabundið úr skóla á meðan reynt er að finna lausn á máli hans. Hægt er, í samráði við fræðsluyfirvöld, að færa nemanda milli skóla innan sama skólahverfis, tímabundið eða varanlega. Tekur þá viðtökuskólinn á sig hverfis-skólaskyldur. Forráðamenn nemanda sem vikið er úr skóla tímabundið þurfa að leitast við að tryggja honum tilhlýðilega umsjá á meðan hann er frá skóla.

Forráðamenn nemanda sem flytja á í annan skóla eiga skýlausan rétt til að andmæla flutningi. Tilgangur andmælaréttar í þessu samhengi er m.a. að skapa skilning á því að með flutningnum sé verið að hjálpa nemanda í erfiðleikum sínum. Forráðamenn hafa ennfremur rétt á að koma með óskir um flutning í tiltekinn skóla og skal reynt að koma til móts við þær óskir.

Í skólareglum skal kveðið á um hvernig tekið skuli á brotum varðandi ástundun náms. Með því er átt við að öllum skal vera ljóst hvaða afleiðingar það hefur í för með sér að koma of seint í kennslustund og hvenær nemandi telst koma of seint. Það sama á við um óheimilar fjarvistir nemenda. Öllum þarf að vera ljóst hvaða afleiðingar það hefur í för með sér. Skólar þurfa að hafa ákveðið vinnulag við að koma slíkum upplýsingum til forráðamanna, (sjá skráningarblöð).

Skýringar við 8. grein

Grundvallaratriði við meðferð máls er að samvinna milli aðila sé sem best og skal skólinn ætíð hafa forgöngu um samstarf þegar að beitingu viðurlaga kemur. Við beitingu viðurlaga skv. 2. mgr. 7. gr skal gæta ákvæða stjórnarsýslulaga.

Þau ákvæði stjórnarsýslulaga sem um ræðir eru:

- **Andmælaréttur** nemanda og foreldra/forsjáraðila áður en ákvörðun er tekin.
- **Jafnræðisreglan**, að gætt sé jafnræðis. Þessi regla felur almennt í sér að við sambærileg brot sé beitt sambærilegum viðurlögum. Við mat á því hvort brot telst sambærilegt ber vitaskuld að taka mið af markmiðsgrein grunnskólalaga og horfa til mismunandi aldurs og þroska nemenda og taka fullt tillit til félagslegra aðstæðna, tilfinningalegs ástands og eftir atvikum sjúkdóms, þroskafrávika eða fötlunar.
- **Rannsóknarreglan**; að mál sé nægjanlega vel rannsakað svo unnt sé að taka rétta ákvörðun.
- **Meðalhófsreglan**; að viðurlög séu ekki strangari en nauðsyn krefur.
- **Leiðbeiningarskyldan**; skólastjóra ber að leiðbeina aðilum um rétt sinn, þ.e. hvert þeir geti skotið máli séu þeir ekki sáttir við ákvörðun skólastjóra.

Þegar málum er svo háttáð að sýnt þykir að komið geti til beitingu viðurlaga skv. 2. mgr. 7. gr., skal tilkynna foreldrum/forráðamönnum í hvað stefni og gera þeim grein fyrir fyrirætlunum skólastjóra. Málsaðili á ætíð rétt á rökstuðningi fyrir stjórnvaldsákvörðun.

Á þeirri viku sem skólastjóri hefur til að leysa mál, þarf ekki að láta nemanda í té kennsluúrræði. Skólanefnd tekur mál nemandans til úrvinnslu að viku liðinni takist skólastjóra ekki að leysa málið. Skólanefnd tekur málið til úrlausnar og útvegar nemandanum fyrst af öllu fullnægjandi kennsluúrræði innan eða utan skólans, t.d. á heimili nemandans eða annars staðar í samræmi við ákvörðun skólanefndar. Kennsluúrræði er kennsla, í samráði við foreldra. Rétt er að ákvörðun um kennsluúrræði sé undirrituð af foreldrum/forsjáraðilum og fulltrúa skólanefndar. Kosta skal kapps um að kennsluúrræðið sé eins mikill hluti af venjulegri stundaskrá nemandans og nokkur kostur er.

Skólanefnd skal innan þriggja vikna frá brottvísun úr skólanum, tryggja nemandanum skólavist. Skólavist er seta í skóla skv. fullri stundaskrá viðkomandi nemanda. Nemandi getur ekki verið nema að hámarki 3 vikur utan skóla og þar af aðeins eina viku án kennslu. Kennsluúrræði standa því að hámarki í tvær vikur.

4. Ýmsar tillögur starfshópsins

4.1 Erindisbréf fyrir kennara, skólastjóra og skólanefndir

Lagt er til að Samband íslenskra sveitarfélaga gangi eftir því að allar sveitarstjórnir setji skólanefndum, skólastjórum og kennurum erindisbréf. Sérstakt erindisbréf verði sett fyrir umsjónarkennara sbr. tillögu 4.6.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 72/1996 um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla skulu sveitarfélög setja starfsmönnum erindisbréf. Þar segir einnig að Samband íslenskra sveitarfélaga skuli láta semja fyrirmynd að erindisbréfum fyrir starfsmenn.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur látið semja fyrirmynd að erindisbréfum fyrir skólanefndir, skólastjóra og kennara sem m.a. eru birt í Handraðanum, handbók Sambandsins um ýmis málefni grunnskólans. Eðlilegt er að Sambandið hvetji sveitarstjórnir til að uppfylla þetta ákvæði laganna, m.a. í þeim tilgangi að starfsmönnum sveitarfélaga sé ljóst til hvers ætlast er til af þeim, innan ramma laga, reglugerða og kjarasamninga.

Eðlilegt er að fylgja eftir erindisbréfum og starfslýsingum einstakra starfsmanna skóla með reglulegu frammistöðumati og úttektum af hálfu vinnuveitandans.

4.2 Sérniðin námskeið fyrir skólastjórnendur um stjórnslu skóla og gerð skólareglna

Lagt er til að skólastjórum grunnskóla verði boðið upp á sérniðin námskeið um stjórnslu skóla.

Skólastjórar grunnskóla gegna ábyrgðarmiklu hlutverki gagnvart stjórnslu skóla. Að mati starfshópsins þurfa þeir að fá sérniðin námskeið um stjórnslu skóla. Á námskeiðunum verði fjallað um stjórnslulög í tengslum við grunnskólalög og reglugerðir og farið yfir hugmyndafræði í nýrri aðalnámskrá grunnskóla. Einnig verði vikið að upplýsingalögunum. Farið verði yfir stöðu þessara mála í nágrannalöndunum. Sérstaklega er brýnt að allir nýir skólastjórar fái námskeið af þessu tagi. Eðlilegt er að Samband íslenskra sveitarfélaga hafi forgöngu um skipulag slíkra stjórnslunámskeiða. Nauðsynlegt er að gefa skólastjórum kost á að sækja námskeið þar sem farið er yfir mikilvæg atriði sem varða gerð skólareglna í ljósi tillagna starfshópsins.

4.3 Námskeið og fræðslufundir fyrir starfsfólk skóla

Lagt er til að Skólaskrifstofur bjóði almennum starfsmönnum skóla upp á sérsniðin námskeið og fræðslufundi um samskipti og margbreytileika nemendahópsins. Námskeiðin stuðli að aukinni meðvitund um ábyrgð þeirra gagnvart líðan og öryggi nemenda.

Á síðustu árum hefur almennum starfsmönnum fjölgað í skólum. Með skólaliðum sem sjá um dagræstingar, starfsmönnum lengdrar viðveru (heilsdagsskóla) og stuðningsfulltrúum (aðstoðarmönnum kennara) hefur skólasamfélagið tekið miklum breytingum. Hér er um viðbótarstarfskraft að ræða.

Nær undanekningarlaust er um ósérhæft starfsfólk að ræða sem oft gegnir lykilhlutverki í eftirliti með börnum í leik og starfi. Með einsetningu grunnskólanna eykst álag á þetta starfsfólk í frímínútum og hádegishléum. Það er því nauðsynlegt að vanda vel val þeirra sem til þessara starfa eru ráðnir. Jafnframt þarf að huga að símenntun fyrir þá og upplýsa þá vel um skólasamfélagið.

Hver skóli ætti að koma sér upp reglum um samskipti. Þar á að vera sýnilegt hvernig starfsmenn skólanna umgangast hverjir aðra og nemendur, (sjá sýnishorn). Einhvers konar reglur ættu að liggja fyrir þegar starfsmenn eru ráðnir svo þeim megi vera ljóst hvernig skal komið fram í samskiptum fólks. Margs konar námskeið eru í boði til að auka samskiptahæfni. Öllu starfsfólki skólanna ætti að standa til boða að sækja slík námskeið.

Ofvirk og misþroska börn eiga oft í erfiðleikum með að fóta sig í skólasamfélaginu. Í síauknum mæli er farið að beita atferlismótunaraðferðum. Hins vegar vill oft gleymast að almennir starfsmenn skólanna eiga að fá upplýsingar um í hverju slíkt felst og vera virkir þátttakendur í slíkum aðgerðum.

Upplýsingar um hvernig unnið er með eineltismál er aldrei einkamál kennara. Miklu skiptir að upplýsa alla starfsmenn skólans um hvernig koma megi í veg fyrir einelti og hvernig unnið er með slík mál í samræmi við áætlun skólans sem verður að vera fyrirbyggjandi.

Námskeið í hvers konar útileikjum eru öllum starfsmönnum nauðsynleg. Það að geta stýrt og leiðbeint nemendum (nemendahópum) á leiksvæði skólans ætti að stuðla að bættum samskiptum milli nemenda og starfsmanna. Skapa þarf traust, vellíðan og gleði í samfélaginu.

Öllum starfsmönnum skóla ætti að vera skylt að sækja skyndihjálparnámskeið og fá fræðslu um slysavarnir við upphaf starfsferils. Jafnframt þarf að huga vel að endurmenntun hinna sem lengur hafa starfað.

4.4 Aukin áhersla á bekkjarstjórnun og samskipti í almennum kjarna kennaranáms

Lagt er til að nám í bekkjarstjórnun, samskiptum við foreldra og viðtalstækni verði skylda allra kennaranema og að þeir fái hjálfun í þessum þáttum í vettvangsnámi. Einnig er brýnt að kennaranemar fái vitneskju um ýmsa þá sjúkdóma og námsörðugleika sem geta sett mark sitt á hegðun, líðan og námsárangur nemenda.

Aga- og bekkjarstjórnun er námskeið sem víða hefur staðið kennurum til boða í símenntun. Þessi námskeið eru ofarlega á forgangslista hjá drjúgum hluta kennara og komast færri að en vilja. Sýnir það eitt að kennarar og skólastjórar telja þetta eitt brýnasta málið í símenntunarmálum kennara. Í almennu kennaranámi við KHÍ er aðeins boðið upp á 2-4 tíma fyrirlestur um aga- og bekkjarstjórnun og er það valáfangi. Þessum þætti þyrfti að sinna mun kröftugar í kennaranámi og gera þarf aga- og bekkjarstjórnun að lið í vettvangsnámi kennaranema. Á vettvangi eru nemar gjarnan undir styrkri handleiðslu æfingakennara sem hafa góða stjórn á eigin bekk og ef eitthvað bregður út af hjá nemanum grípur kennarinn ávallt inn í. Ekki reynir því á færni hans og kunnáttu á þessu sviði fyrr en eftir að hann hefur störf. Kennaranemar kvarta undan því að kunna ekki til verka á þessum sviðum og segjast síður óska eftir starfi á unglingastigi hreinlega af ótta við að geta ekki tekið á ágreiningsmálum á markvissan hátt (haft eftir æfingakennara). Huga má að því að sviðsetja aðstæður á vettvangi eða fá kennaranema til að útfæra áætlun um hvernig best væri tekið á tilteknum uppákomum milli nemenda eða milli nemenda og kennara eða annars starfsfólks skóla sem lið í starfsþjálfun hans.

Ef kennarar, margir með áratuga starfsreynslu að baki, setja aga- og bekkjarstjórnun efst á óskalista yfir námskeið í símenntun sinni þá ætti þessi þáttur að vera í öndvegi í kennaramenntun. Hér má einnig bæta því við að fræðslu um ýmsa sjúkdóma er setja mark sitt á nám og hegðun nemenda er ábótavant í almennu kennaranámi. Sem dæmi má nefna sjúkdóma eins og Tourette, Asperger, ofvirkni og misþroska og ekki má gleyma að nefna dyslexíu eða sértæka lestrarörðugleika sem oftast en ekki leggjast þungt á nemendur. Nauðsynlegt er að nýútskrifaðir kennarar hafi fengið góða fræðslu um einkenni ýmissa sjúkdóma og sértæka og almenna námsörðugleika og viti hvernig best er að bregðast við og hvar sé affarsælast að leita aðstoðar við að vinna með nemendur sem þannig háttar til um.

Í starfi kennarans hefur samstarf við forráðamenn og samvinna heimila og skóla fengið sífellt aukið vægi undanfarna áratugi. Grundvöllur farsæls skólustarf byggir á jákvæðu samstarfi og samvirkni heimila og skóla. Skólum er ætlað að eiga frumkvæði að slíku samstarfi og því afar mikilvægt að kennurum og skólastjórnendum farist það vel úr hendi að hefja slíka samvinnu við heimilin. Kennari verður að geta leitt samtalið við foreldra yfirvegað og haft um það vitneskju með hvaða hætti það verður best gert. Samtalstækni, greining á samskiptum í

viðtölum og markviss fundarstjórn eru m.a. þættir sem kennaranemar þurfa að fá góða innsýn í og reynslu í að beita áður en út á starfsvettvang kemur.

Öruggur kennari með haldgóða þekkingu á yfirgripsmiklu starfssviði sínu og kunnáttu til að leysa úr ágreiningsmálum leggur grundvöll að farsælu samstarfi heimila og skóla.

4.5 Leiðbeiningarrit fyrir foreldra og aðra sem málið varða um stjórnslu skóla

Lagt er til að menntamálaráðuneytið gefi út leiðbeiningarrit fyrir foreldra og aðra sem málið varðar um stjórnslu grunnskólans. Í ritinu verði gerð grein fyrir hvernig stjórnslunni er háttað, hlutverki hvers og eins, sbr. kafla 1.5 í þessari skýrslu til að koma í veg fyrir ágreining. Auk þess verði gerð grein fyrir því hvernig staðið skal að lausn ágreiningsmála í skólasamfélaginu.

Í kjölfar nýrrar aðalnámskrár grunnskóla er eðlilegt að ráðuneytið beiti sér fyrir gerð og útgáfu fræðsluefnis um stjórnslu skóla, hvernig komið skal í veg fyrir ágreining, lausn ágreiningsmála, kærur og kæruleiðir. Oft reynir á málefni af þessu tagi í samskiptum foreldra við kennara, stjórnendur skóla og starfsmenn sérfræðipjónustu sveitarfélaga. Óvissa um stjórnslu og lausn ágreiningsmála snýr ekki aðeins að foreldrum heldur brenna þau mál líka á skólastjórnendum, kennurum, skólanefndum og sveitarstjórnunum.

Margt hefur þegar verið gert til að skýra meðferð mála og taka af skarið um hvar ábyrgð liggur. Þar gegna t.d. reglugerðir við grunnskólalögin þýðingarmiklu hlutverki. Ráðuneytið hefur gefið út úrskurði í álitamálum sem hefur mælst mjög vel fyrir. Ráðuneytið lagði einnig fram styrk til að vinna Handraðann, sem er handbók fyrir sveitarstjórnir um grunnskólamálefni. Eftir að sveitarfélög tóku við grunnskólanum hefur t.d. umtalsverður tími starfsmanna sem fjalla um grunnskólamál í ráðuneytinu, farið í að veita upplýsingar og leiðbeina ýmsum aðilum um réttindi og skyldur, um réttan farveg fyrir mál og hvar leita skuli úrlausna.

Erfitt er fyrir foreldra að átta sig á heildarmynd skólakerfisins. Í fyrsta lagi eru reglugerðir, námskrár, úrskurðir, handbækur, skýrslur o.s.frv. svo mikil að vöxtum að erfitt er að ná yfirsýn. Í öðru lagi eru mjög ör skipti á fólki í foreldraráðum og forystu félaga og samtaka foreldra og sífellt að koma inn nýtt fólk sem ekki þekkir vel til þessara mála.

Mikil þörf er á að taka saman stutt og skýrt upplýsingarit sem vísar veginn um helstu atriði stjórnslu skóla, hvar ábyrgð liggur, hvert fólk eigi að snúa sér með ýmsar spurningar varðandi grunnskólann, um réttindi og skyldur, kæruleiðir o.fl. Slíkt rit getur engan veginn orðið tæmandi en mun vafalaust verða gagnlegt ýmsum aðilum sem koma nálægt grunnskólahaldi. Með vel upplýstum foreldraráðum aukast líkur á jákvæðu aðhaldi. Ekki er síður mikilvægt að foreldrum sjálfum sé ljóst til hvers er ætlast af þeim, gagnvart uppeldi og menntun barna.

Að samningu rits af þessi tagi þurfa að koma fulltrúar menntamálaráðuneytis, foreldra, sveitarstjórna, skólastjóra og kennara.

4.6 Starf umsjónarkennara verði eftt

Starfshópur um skólareglur og aga leggur til að skólastjóri setji hverjum umsjónarkennara erindisbréf og ætli honum hæfilegan tíma til að sinna starfi sínu. Umsjónarkennari er mikilvægur tengiliður heimila og skóla.

Hvar sem litið er í skrif um hlutverk og starfssvið umsjónarkennarans er lögð ofuráhersla á mikilvægi hans í félags- og námslegu uppeldi nemenda sinna. Hann skal fylgjast náið með námi og þroska þeirra, leiðbeina í námi og starfi jafnframt því efla samstarf skólans við heimilin (sbr. 24. gr. grunnskólalaga).

Umsjónarkennarar gera sér ljósa grein fyrir mikilvægi sínu en afar mismunandi er hvaða svigrúm þeim er gefið af skólans hálfu til að rækja það þýðingarmikla hlutverk að efla samfélagsþroska og samskiptahæfni nemenda sinna, og efla tengsl við heimili og forráðamenn.

Í aðalnámskrá grunnskóla frá 1989, er lögð á það áhersla að „...hlutverk umsjónarkennara sé þess eðlis að tryggja verður þeim meiri tækifæri en öðrum kennurum til þess að skapa persónuleg tengsl og trúnaðarsamband við nemendur...“

Nefnd um mótun menntastefnu tekur fram að „Skilgreina þarf hlutverk umsjónarkennara á unglíngastigi og veita kennurum ráðgjöf um hvernig þessu verkefni skuli sinnt...Umsjónarkennari hafi sérstakan umsjónartíma á stundatöflu hjá þeirri bekkjardeild sem hann hefur umsjón með.“ Í Skólustefnu Kennarasambands Íslands eru þessi áhersluatriði ítrekuð því umsjónarkennarinn sé „...sá aðili sem nemendur í vanda leita fyrst til með vanda sinn...[og því] mjög mikilvægt að umsjónarkennara sé ætlaður tími á stundatöflu til að sinna umsjón og ráðgjöf.“

Í nýútkominni aðalnámskrá grunnskóla, 1999, þeim kafla er fjallar um velferð nemenda, er mikilvægi umsjónarkennarans tekið til sérstakrar umfjöllunar og segir m.a.: „Umsjónarkennarar gegna [...]veigamiklu hlutverki...Hann er öðrum fremur tengiliður skólans við heimilin og einnig fylgist hann náið með námi nemenda sinna og þroska. Hann leiðbeinir þeim í námi og starfi, aðstoðar þá og ráðleggur þeim um persónuleg mál.“ (bls. 47)

Starfshópur um skólareglur og aga leggur til að hverjum umsjónarkennara á öllum skólastigum verði tryggður ákveðinn tími á viku til að sinna hlutverki sínu. Tímínn myndi annars vegar nýtast sem sameiginlegur umsjónar- eða bekkjartími fyrir allan bekkinn vikulega til eflingar félagsþroska og umfjöllunar um ýmis málefni líðandi stundar. Hins vegar verði ákveðinn tími ætlaður fyrir viðtöl umsjónarkennara bæði við einstaka nemendur og foreldra þar sem markvisst verði tekið á ýmsum uppeldis- og námsþáttum en einnig tími fyrir ákveðna

nemendahópa eftir því sem við á. Þann tíma gæti umsjónarkennari einnig nýtt til samráðs við aðila í stoðkerfi skólans. Sérstaklega þarf að fjalla um þennan þátt kennarastarfsins í kennaramenntuninni, þjálfu samskiptafærni og viðtalstækni með kennaranemum og undirbúa þá sem best undir þennan mikilvæga þátt starfsins. Öflugt og gott samstarf kennara, nemenda, foreldra og stoðkerfis skólans skilar sér í agaðri og þroskaðri einstaklingum.

4.7 Stoðkerfi skóla verði styrkt

Lagt er til að stoðkerfi skóla verði eflt, m.a. með aukinni samvinnu skólaþjónustu, heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu. Farið verði af stað með tilraunaverkefni á þessu sviði sem samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga.

Þegar talað er um stoðkerfi grunnskólans er venjulega átt við sérfræðiþjónustu skóla eins og hún er skilgreind í 42. og 43. gr. grunnskólalaga nr. 66/1995. Ljóst er að þegar sérfræðiþjónustunni sleppir eru fáar leiðir sem auðvelt er að fara þegar beita þarf sérhæfðum úrræðum. Samvinna milli félagsþjónustu sveitarfélaga og heilbrigðisþjónustu er mjög lítil og ómarkviss þannig að úrræði sem skólar þyrftu að hafa aðgang að eru ekki fyrir hendi. Þetta leiðir til þess að skólarnir sitja uppi með heilbrigðis- og félagsleg vandamál sem þeim er alls ekki ætlað að glíma við. Stoðkerfi grunnskólans þarf að byggjast á heildstæðri samvinnu sérfræðiþjónustu skóla, félagsþjónustu sveitarfélaga og heilbrigðiskerfisins.

Innan heilbrigðiskerfisins gegnir heilsugæslan miklu máli þar sem hún á að bjóða upp á meðferðarþjónustu fyrir börn og unglunga á leik- og grunnskólastigi sbr. lög nr. 97/1990 og reglugerð nr. 160/1982. Tilvísun nemenda til sérhæfðari þjónustu og afgreiðsla mála þarf að ganga greiðar fyrir sig, bæði greining og meðferð. Félagþjónusta sveitarfélaga og heilbrigðiskerfið þurfa að taka starfshætti þessa málaflokks til endurskoðunar, gæta að samræmi og samhæfingu verkefna með það fyrir augum að tryggja úrræði. Menntunar- og uppeidishlutverk skólanna stangast á við þann veruleika sem verið er að glíma við innan grunnskólans, vandamál sem eru fyrst og fremst viðfangsefni heilbrigðis- og félagsþjónustunnar. Meðan þetta ástand ríkir mun skólunum verða mjög erfitt að ná markmiðum grunnskólalaga og fylgja eftir skólareglum á grundvelli þeirrar hugmyndafræði sem lögð er til í meðfylgjandi álitum starfshópsins.

4.8 Nefnd til að koma í veg fyrir ágreining og kærur

Lagt er til að á vegum skólanefnda verði leitað leiða til að koma í veg fyrir ágreining og kærur með skipan sérstakrar óháðrar álitsgefandi nefndar sem veitt geti leiðbeiningar um réttindi og skyldur og upplýsingar um stöðu aðila að álitaefnum. Nefndin leiti lausna á álitamálum með það að markmiði að koma í veg fyrir ágreining aðila skólasamfélagsins og leiðbeini um lausnir í ágreiningsmálum til að koma í veg fyrir kærur.

Útgáfa ráðuneytisins á svörum við fyrirspurnum og úrskurðum í kjölfar á setningu grunnskólalaga nr. 60/1995 og flutnings grunnskólans til sveitarfélaga 1996 veittu svör við ýmsum spurningum og auðvelduðu túlkun og skýringu á ýmsum ákvæðum laga og reglugerða um grunnskóla. Líklegt má telja að þessi útgáfa leiði til fækkunar á álita- og ágreiningsefnum.

Á hinn bóginn hefur með flutningi grunnskólans til sveitarfélaga, breyttu stjórnsýslumhverfi skóla, setningu stjórnsýslulaga og auknu aðhalds- og eftirlitshlutverki foreldra, fjölgað álitaefnum sem í sumum tilvikum hafa leitt til ágreinings. Meginmarkmiðið hlýtur að vera að koma í veg fyrir ágreining með því að upplýsa aðila um stöðu þeirra og réttindi og skyldur enda má ætla að ágreiningur aðila skólasamfélagsins sé til tjóns bæði fyrir skólastarf og fyrir alla aðila máls, jafnt þegar ákvarðanir eru kærðar til æðra stjórnsýslustigs og ágreiningsefni liggja óleyst á vettvangi skólans.

Starfshópurinn telur að álitsgefandi nefnd skipuð óháðum fulltrúum foreldra jafnt og fulltrúum skóla og skólanefnda geti orðið til þess að álita- og ágreiningsefnum fækki í skólasamfélaginu og meiri sátt ríki um skólastarfið. Lagt er til að samráðsnefnd menntamálaráðuneytisins, samtaka kennara og skólastjóra og Sambands íslenskra sveitarfélaga útfæri þessa tillögu nánar í samstarfi við Landssamtökin Heimili og skóli og aðra þá aðila sem málið varðar.

4.9 Málþing um skólareglur og stjórnsýslu í skólum

Haustið 1999 verði haldið lokað málþing um skólareglur og stjórnsýslu skóla. Málþingið er ætlað völdum fulltrúum skólaskrifstofa, stjórn og skólamálaráði Kennarasambands Íslands, stjórn Skólastjórufélags Íslands, stjórn Heimilis og skóla, stjórnnum svæðasamtaka foreldraráða og foreldrafélaga, fulltrúum frá kennaramenntunarstofnunum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, menntamálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti. Markmið með málþinginu er að gera grein fyrir skýrslu þessa starfshóps og fjalla um tillögur hópsins. Starfshópnum verði falið að undirbúa málþingið. Þessi tillaga þarfnast ekki rökstuðnings.

Samantekt á helstu tillögum starfshóps um skólareglur og aga

4.1 Erindisbréf fyrir kennara, skólastjóra og skólanefndir

Lagt er til að Samband íslenskra sveitarfélaga gangi eftir því að allar sveitarstjórnir setji skólanefndum, skólastjórum og kennurum erindisbréf. Sérstakt erindisbréf verði sett fyrir umsjónarkennara sbr. tillögu 4.6.

4.2 Sérniðin námskeið fyrir skólastjórnendur um stjórnsýslu skóla og gerð skólareglna

Lagt er til að skólastjórum grunnskóla verði boðið upp á sérniðin námskeið um stjórnsýslu skóla.

4.3 Námskeið og fræðslufundir fyrir starfsfólk skóla

Lagt er til að Skólaskrifstofur bjóði almennum starfsmönnum skóla upp á sérniðin námskeið og fræðslufundi um samskipti og margbreytileika nemendahópsins. Námskeiðin stuðli að aukinni meðvitund um ábyrgð þeirra gagnvart líðan og öryggi nemenda.

4.4 Aukin áhersla á bekkjarstjórnun og samskipti í almennum kjarna kennaranáms

Lagt er til að nám í bekkjarstjórnun, samskiptum við foreldra og viðtalstækni verði skylda allra kennaranema og að þeir fái hjálfun í þessum þáttum í vettvangsnámi. Einnig er brýnt að kennaranemar fái vitneskju um ýmsa þá sjúkdóma og námsörðugleika sem geta sett mark sitt á hegðun, líðan og námsárangur nemenda.

4.5 Leiðbeiningarrit fyrir foreldra og aðra sem málið varða um stjórnsýslu skóla

Lagt er til að menntamálaráðuneytið gefi út leiðbeiningarrit fyrir foreldra og aðra sem málið varðar um stjórnsýslu grunnskólans. Í ritinu verði gerð grein fyrir hvernig stjórnsýslunni er háttað, hlutverki hvers og eins, sbr. kafla 1.5 í þessari skýrslu til að koma í veg fyrir ágreining. Auk þess verði gerð grein fyrir því hvernig staðið skal að lausn ágreiningsmála í skólasamfélaginu.

4.6 Starf umsjónarkennara verði eflt

Starfshópur um skólareglur og aga leggur til að skólastjóri setji hverjum umsjónarkennara erindisbréf og ætli honum hæfilegan tíma til að sinna starfi sínu. Umsjónarkennari er mikilvægur tengiliður heimila og skóla.

4.7 Stoðkerfi skóla verði styrkt

Lagt er til að stoðkerfi skóla verði eftt, m.a. með aukinni samvinnu skólaþjónstu, heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu. Farið verði af stað með tilraunaverkefni á þessu sviði sem samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga.

4.8 Nefnd til að koma í veg fyrir ágreining og kærur

Lagt er til að á vegum skólanefnda verði leitað leiða til að koma í veg fyrir ágreining og kærur með skipan sérstakrar óháðrar álitsgefandi nefndar sem veitt geti leiðbeiningar um réttindi og skyldur og upplýsingar um stöðu aðila að álitaefnum. Nefndin leiti lausna á álitamálum með það að markmiði að koma í veg fyrir ágreining aðila skólasamfélagsins og leiðbeini um lausnir í ágreiningsmálum til að koma í veg fyrir kærur.

4.9 Málþing um skólareglur og stjórnsýslu í skólum

Haustið 1999 verði haldið lokað málþing um skólareglur og stjórnsýslu skóla. Málþingið er ætlað völdum fulltrúum skólaskrifstofa, stjórn og skólamálaráði Kennarasambands Íslands, stjórn Skólastjórafélags Íslands, stjórn Heimilis og skóla, stjórnnum svæðasamtaka foreldraráða og foreldrafélaga, fulltrúum frá kennaramenntunarstofnunum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, menntamálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti. Markmið með málþinginu er að gera grein fyrir skýrslu þessa starfshóps og fjalla um tillögur hópsins. Starfshópnum verði falið að undirbúa málþingið.

Helstu stuðningsrit, lög og reglugerðir

- Lög um grunnskóla nr. 66/1995
- Lög um réttindi og skyldur kennara og skólustjóra grunnskóla nr. 72/1996
- Stjórnsýslulög nr. 37/1993
- Upplýsingalög nr. 50/1996
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna
- Barnalög nr. 20/1992
- Reglugerð um skólareglur og aga nr. 385/1996
- Reglugerð um sérfræðiþjónustu skóla nr. 386/1996
- Reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 388/1996
- Enn betri skóli, þeirra réttur, okkar skylda. Menntamálaráðuneytið 1998.
- Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti. Menntamálaráðuneytið 1999
- Úrskurður umboðsmanns Alþingis í SUA
- Úrskurðir og álitamála vegna laga um grunnskóla nr. 66/1995. 2. útg. með viðbótum. Ágúst 1998. Menntamálaráðuneytið
- Frá orðum til athafna. Samstarf heimila og skóla í leik- og grunnskólum. Janúar 1998. Menntamálaráðuneytið
- Strákar í skóla. Erindi frá málþingi Karlanefndar Jafnréttisráðs og menntamálaráðuneytis 27. nóvember 1997. Júní 1998. Menntamálaráðuneytið og Skrifstofa jafnréttismála
- Konfliktlösning í skoleverket. FUG í Noregi, 1994
- Klage og klagebehandling í grunnskolen, FUG í Noregi, 1995
- Nøgleord om: Ansættelse. Skole og Samfund í Danmörku
- Principper for skole-hjem samarbejdet. Skole og Samfund í Danmörku 1993
- Umfjöllun fjölmiðla um aga, einkum í ársbyrjun 1999
- Skólareglur og skólanámskrár frá ýmsum grunnskólum
- Upplýsingar frá Norðurlöndum um agamál
- Skólafestna Kennarasambands Íslands 1997-2000

Lög um grunnskóla

1995 nr. 66 8. mars

I. kafli.

Markmið og skólaskylda.

1. gr.

Sveitarfélögum er skylt að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6 til 16 ára eftir því sem nánar segir í lögum þessum. Skóli þessi nefnist grunnskóli. Öllum börnum og unglungum á framangreindum aldri er skylt að sækja skóla en frá því má þó veita undanþágu, sbr. 5., 7. og 8. gr.

Þegar tilgreindur er aldur nemenda í lögum þessum miðast hann við það almanaksár er nemandinn nær nefndum aldri.

2. gr.

Hlutverk grunnskólans, í samvinnu við heimilin, er að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífældri þróun. Starfshættir skólans skulu því mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi. Skólinn skal temja nemendum víðsýni og efla skilning þeirra á kjörum fólks og umhverfi, á íslensku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum og á skyldum einstaklingsins við samfélagið.

Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins.

Grunnskólinn skal veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal því leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfna hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

3. gr.

Grunnskóli er tíu ára skóli.

Hver grunnskóli skal vera einsetinn.

Hverjum grunnskóla má skipa í einingar með ákvörðun hlutaðeigandi sveitarstjórna.

4. gr.

Í strjálbýli skal miðað við heimanakstur nemenda þar sem því verður við komið en ekki heimavist.

Börn yngri en tíu ára skulu ekki dveljast í heimavist nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

Sveitarstjórn er heimilt að koma á fót skólaseljum frá aðalskóla.

Í grunnskóla skulu nemendur eiga kost á málsverði á skólatíma.

5. gr.

Sveitarstjórn getur borið fram við menntamálaráðuneytið rökstudda beiðni um tímabundna undanþágu frá því að uppfylla að fullu ákvæði 1. og 26. gr. laga þessara um skólaskyldu og skólatíma.

Menntamálaráðuneytið úrskurðar hvort eða að hvað miklu leyti slík undanþága skuli veitt.

6. gr.

Forráðamaður skólaskylds barns ber ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það kemst á skólaskyldualdur og sækir skóla. Verði misbrestur á skólasókn skólaskylds barns, án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli, skal skólustjóri leita leiða til úrbóta.

Takist það ekki vísar skólustjóri málinu til úrlausnar skólanefndar sem leitar lausna á því að fenginni umsögn frá sérfræðipjónustu á vegum sveitarfélaga.

Finnist enn ekki úrlausn getur hvor aðili, forráðamaður eða skólanefnd, vísað málinu til menntamálaráðuneytis sem leitar úrlausnar og getur úrskurðað með hvaða hætti úr skuli bætt.

7. gr.

Undanþegin því að sækja grunnskóla skv. 1. gr. eru:

a.

börn sem sækja viðurkennda einkaskóla, sbr. 56. gr.,

b.

börn sem búa í skólahverfum sem fengið hafa undanþágu skv. 5. gr. að því leyti sem undanþágan kveður á um.

8. gr.

Sæki forráðamaður skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn er skólustjóra heimilt að veita slíka undanþágu í samráði við umsjónarkennara telji hann til þess gildar ástæður. Forráðamaður skal þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur.

II. kafli.

Stjórnun grunnskóla.

9. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn þeirra málefna sem lög þessi taka til og hefur eftirlit með því að sveitarfélög uppfylli þær skyldur sem lög þessi, reglugerðir við þau og aðalnámskrá grunnskóla kveða á um.

Ráðuneytið skal fylgjast með að allir grunnskólar landsins eigi kost á sérfræðipjónustu og að nemendur, sem ekki geta notið kennslu með fullnægjandi hætti í almennum grunnskóla, fái kennslu við hæfi.

Menntamálaráðuneytið annast söfnun og dreifingu upplýsinga um skólahald og skólustarf á grunnskólastigi.

Menntamálaráðherra gerir Alþingi grein fyrir framkvæmd skólustarfs í grunnskólum landsins á þriggja ára fresti.

10. gr.

Allur rekstur almennra grunnskóla er á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga frá þeim tíma sem lög þessi

koma að fullu til framkvæmda sé ekki sérstaklega kveðið á um annað. Sveitarstjórn skal gera menntamálaráðuneytinu árlega eða oftar, sé þess krafist, grein fyrir framkvæmd skólahalds í skólahverfi sínu.

Menntamálaráðherra getur sett í reglugerð¹⁾ nánari ákvæði um upplýsingaskyldu sveitarfélaga varðandi skólahald.

[Samband íslenskra sveitarfélaga hefur frumkvæði að lausn málefna grunnskólans sem varða fleiri en eitt sveitarfélag, ef þeim er ekki skipað með öðrum hætti í lögum, reglugerðum eða með samkomulagi aðila.]²⁾

¹⁾[Rg. 384/1996.](#) ²⁾[L. 77/1996, 1. gr.](#) Ákvæðið komi til endurskoðunar eigi síðar en 1. janúar 1999.

11. gr.

Skólahverfi er sú eining sem stendur að einum grunnskóla eða fleiri. Sveitarfélög geta sameinast um rekstur grunnskóla og mynda þá eitt skólahverfi. Sveitarfélag, sem rekur tvo eða fleiri grunnskóla, telst eitt skólahverfi. Þó er heimilt að skipta sveitarfélagi í fleiri skólahverfi samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar. Sveitarfélag getur átt aðild að fleiri en einu skólahverfi ef börn og unglingar á skólaskyldaldri úr því sveitarfélagi eiga skólasókn til tveggja eða fleiri skólahverfa.

Þar sem sveitarfélög sameinast um rekstur grunnskóla eða hluta hans skulu viðkomandi sveitarstjórnir gera með sér samning um stofnun skólans, rekstur hans og hvernig kostnaði skuli skipt milli aðila. Í samningnum skal m.a. kveðið á um hvernig haga skuli ráðningum starfsmanna, hjá hvaða sveitarfélagi þeir eru ráðnir, svo og hvernig endurgreiðslu annarra rekstraraðila á hlutdeild í launakostnaði skuli hagað.

[Sveitarfélag getur falið byggðasamlagi um rekstur grunnskóla þau réttindi og skyldur sem á sveitarfélagi hvíla samkvæmt lögum þessum.]¹⁾

¹⁾[L. 77/1996, 2. gr.](#)

12. gr.

Í hverju skólahverfi skal vera skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög og reglugerðir ákveða og sveitarstjórn eða sveitarstjórnir kunna að fela henni.

Skólanefnd skal sjá um að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu. Hún skal staðfesta áætlun um starfstíma nemenda ár hvert og fylgjast með framkvæmd náms og kennslu í skólahverfinu. Í sveitarfélögum þar sem skólahverfi eru fleiri en eitt skal áætlun um starfstíma nemenda jafnframt staðfest af viðkomandi sveitarstjórn. Skólanefnd getur gert tillögur til skólastjóra um umbætur í skólastarfi. Jafnframt skal skólanefnd stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla.

Skólanefnd fylgist með og stuðlar að því að skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu og að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi húsnæði og annar aðbúnaður, þar með talin útivistar- og leiksvæði nemenda. Skólanefnd ásamt skólastjóra lítur eftir að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða á þessu sviði og gerir tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur.

13. gr.

Skólanefnd skal kosin af hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnnum í upphafi hvers kjörtímabils. Um kosningu í skólanefnd og starfshætti fer samkvæmt [sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986](#),¹⁾ og samþykktum viðkomandi sveitarfélags.

Varamenn í skólanefndum skulu jafnmargir aðalmönnum og kosnir á sama hátt.

Þar sem fleiri en eitt sveitarfélag standa saman að rekstri grunnskóla, eða hluta hans, skal setja í stofnsamning ákvæði um aðild hvers og eins að skólanefnd.

Fulltrúar kennara, skólastjóra og foreldra eiga rétt til setu á skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

Grunnskólakennarar í skólahverfinu kjósa úr sínum hópi fulltrúa til að starfa með skólanefnd. Þar sem stöðugildi við grunnskóla í skólahverfi eru 15 eða færri skal kjörinn einn kennarafulltrúi en tveir þar sem stöðugildi eru 16 eða fleiri. Varamenn kennarafulltrúa skulu jafnmargir aðalmönnum.

Skólastjóri, eða aðstoðarskólastjóri í forföllum hans, á rétt til setu á skólanefndarfundum þegar fjallað er sérstaklega um málefni viðkomandi skóla.

Foreldrafélag, eða samtök foreldra í skólahverfinu, kys úr sínum hópi einn fulltrúa til að starfa með skólanefnd og einn varamann.

¹⁾Nú [l. 45/1998](#).

14. gr.

Skólastjóri er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum og ber ábyrgð á starfi skólans og veitir honum faglega forustu. Skólastjóri sér um að skólanámskrá skólans sé gerð.

Skólastjóri boðar til kennarafundar svo oft sem þurfa þykir en þó eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Kennarafundi skulu sækja kennarar og aðrir sérfræðingar skóla. Auk þess skal boða til slíks fundar ef þriðjungur kennara skólans æskir þess.

Í skólum, þar sem kennslumagn nemur átta fullum stöðum eða fleiri auk skólastjóra, kjósa kennarar þriggja manna kennararáð sem í umboði kennara er skólastjóra til ráðuneytis um stjórn skólans. Í öðrum skólum fer kennarafundur með hlutverk kennararáðs.

Skólastjóri skal a.m.k. tvisvar á ári boða til sameiginlegs fundar kennararáðs, foreldraráðs og nemendaráðs til þess að veita upplýsingar um skólastarfið og fjalla um málefni þessara ráða.

15. gr.

Starfsmönnum skóla er skylt að efla samstarf skóla og heimila, m.a. með því að miðla fræðslu um skólamál til foreldra og veita upplýsingar um starfið í skólanum.

Foreldrar barna í grunnskóla geta ákveðið að stofna samtök foreldra við skólann í þeim tilgangi að styðja skólastarfið og efla tengsl heimila og skóla.

Skólastjóri skal boða til stofnfundar slíkra samtaka óski foreldrar þess. Samtökin setja sér starfsreglur.

16. gr.

Við hvern grunnskóla skal starfa foreldraráð og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess.

Í foreldraráði sitja þrjú foreldrar sem ekki eru starfsmenn skólans. Foreldrar við grunnskóla velja fulltrúa í foreldraráð til tveggja ára í senn.

Foreldraráð fjallar um og gefur umsögn til skólans og skólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða skólahaldið, fylgist með að áætlanir séu kynntar foreldrum, svo og með framkvæmd þeirra.

Skólastjóri starfar með foreldraráði og veitir því upplýsingar um starfið í skólanum.

Óski foreldrar þess er skóla heimilt, með rökstuddri greinargerð, að sækja um undanþágu frá ákvæði greinar þessarar til menntamálaráðuneytisins. Gildar ástæður þurfa að vera fyrir undanþágu, svo sem ef

skóli er mjög fámennur.

17. gr.

Nemendum grunnskóla er heimilt að stofna nemendaráð sem vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum þeirra. Skólastjóri felur einum af kennurum skólans að aðstoða nemendaráð.

Nemendaráð hvers skóla skal setja sér starfsreglur.

III. kafli.

Skólahúsnaði.

18. gr.

Gerð skólamannvirkja er undirbúin af sveitarstjórn í samráði við skólanefnd.

Stofnkostnaður grunnskóla greiðist af sveitarfélögum. Í hverju skólahverfi skal vera skólahúsnaði sem fullnægir þörfum grunnskóla við þær aðstæður sem þar eru. Við gerð eða breytingar skólamannvirkja skal m.a. tekið tillit til hvort nemendur ganga til skóla, er ekið þangað daglega, búa þar í heimavist eða fyrirkomulag er blandað.

19. gr.

Í skólahúsi skal, auk kennsluáðstöðu fyrir allar námsgreinar, gera ráð fyrir skólasafni; aðstöðu fyrir nemendur til náms, annarra starfa og hvíldar utan kennslustunda; aðgengi og aðstöðu fatlaðra; aðstöðu til sérfræðiþjónustu við nemendur; aðstöðu til að neyta málsverðar; snyrtiherbergjum; vinnuáðstöðu fyrir kennara, skólastjórnendur og aðra starfsmenn skólans; íþróttáðstöðu og aðstöðu fyrir almenna félagsstarfsemi nemenda og öðru því er lög þessi tilgreina. Ef henta þykir má nýta aðstöðu í nágrenni skóla fyrir einstakar greinar, svo sem íþróttir.

Við gerð heimavista skal kappkostað að þær minni sem mest á venjulegt heimili og þannig sé gengið frá að nemendur geti jafnan náð til umsjónarmanns heimavista.

20. gr.

Við undirbúning að nýbyggingu og endurbótum grunnskólahúsnaðis skal farið að reglugerð¹⁾ er menntamálaráðherra setur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og kveður á um lágmarks aðstöðu og búnað.

Sveitarstjórn ákveður nafn skóla.

¹⁾[Rg. 519/1996.](#)

21. gr.

Sveitarfélögum er skylt að annast og kosta viðhald skólahúsa og endurnýjun og viðhald búnaðar þeirra á fullnægjandi hátt.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um þau skólahús er byggð voru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum og eiga sveitarfélög ekki kröfur á ríkissjóð vegna viðhalds þessara mannvirkja. Verði húsnaði, er byggt var með stofnkostnaðarframlagi úr ríkissjóði, ráðstafað til annarra nota en grunnskólahalds skal samið um uppgjör þess eignarhluta er þannig myndaðist. Náist ekki samkomulag skal eignin metin af dómkvöddum mönnum.

[Eignarhlut ríkisins í skólahúsnæði skal afskrifa í 15 jöfnum áföngum og hann þannig yfirfærður til þeirra sveitarfélaga sem annast og kosta viðhald húsnæðisins. Skal það gert með því að lækka í lok hvers árs eignarhlut ríkisins, eins og hann er skráður hjá Fasteignamati ríkisins 1. ágúst 1996, um $6\frac{2}{3}\%$, í fyrsta skipti 31. desember 1996. Jafnframt hækki eignarhlutur sveitarfélaga samsvarandi.

Verði breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þannig að skólahúsnæði er ráðstafað til rekstrar á vegum ríkisins skal samsvarandi yfirfærsla á eignarhlut sveitarfélags eiga sér stað á 15 árum frá sveitarfélagi til ríkis.

Ákvæði þessarar greinar eiga þó ekki við um húsnæði og aðstöðu sem framhaldsskólar hafa afnot af, svo sem íþróttahús og önnur íþróttamannvirki. Enn fremur eru undanskildir skólastjóra- og kennarabústaðir, óbyggðar lóðir og landréttindi.

Menntamálaráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar í reglugerð að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.]¹⁾

¹⁾[L. 77/1996, 3. gr.](#)

22. gr.

Dagleg umsjón og umráð skólamannvirkja, þar á meðal skólastjóra- og kennarabústaða sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga eða í eigu sveitarfélaga einna, skulu vera í höndum skólastjóra í umboði sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn er heimilt að ráðstafa skólahúsnæði öllu eða hluta þess til æskulýðsstarfsemi, íþróttastarfsemi eða almennrar félagsstarfsemi í þágu íbúa byggðarlagsins. Slíkt er þó aðeins heimilt að það raski í engu skólahaldi, félagslífi nemenda eða annarri lögbundinni notkun húsnæðisins.

Að fenginni umsögn hlutaðeigandi skólanefndar getur sveitarstjórn ákveðið að skólahúsnæði sé utan venjulegs skólatíma notað til gistingar og veitingareksturs. Tekjur af eignum skólans renna til sveitarsjóðs.

IV. kafli.

Starfsfólk grunnskóla.

23. gr.

Við hvern grunnskóla skal vera skólastjóri sem ráðinn er af sveitarstjórn að fenginni umsögn skólanefndar. Við ráðningu skólastjóra skal tekið mið af menntun umsækjanda og starfsreynslu. Skólastjóri við heimavistarskóla er jafnframt heimavistarstjóri.

Í grunnskóla þar sem starfa 12 starfsmenn eða fleiri í fullu starfi, auk skólastjóra, skal sveitarstjórn ráða aðstoðarskólastjóra að fenginni tillögu skólastjóra. Aðstoðarskólastjóri er staðgengill skólastjóra. Í skólum þar sem starfa færri en 12 starfsmenn ákveður skólastjóri í upphafi skólaárs í samráði við kennarafund og skólanefnd hver af föstum kennurum skólans skuli annast skólastjórn í forföllum hans.

Um ráðningu kennara og annarra starfsmanna fer eftir ákvæðum í samþykkt um stjórn sveitarfélags. Séu þar eigi sérstök ákvæði þessa efnis gefur sveitarstjórn eða byggðarráð fyrir mæli til skóla um hvernig staðið skuli að ráðningu starfsmanna.

Við ráðningu kennara og skólastjóra skal gæta ákvæða gildandi laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara og skólastjóra.

24. gr.

Fyrir hverja bekkjardeild eða námshóp skal skólustjóri velja umsjónarkennara. Umsjónarkennari fylgist náið með námi nemenda sinna og þroska, leiðbeinir þeim í námi og starfi, aðstoðar og ráðleggur þeim um persónuleg mál og stuðlar að því að efla samstarf skóla og heimila.

Skólustjóra er heimilt að fela kennurum árgangastjórn, fagstjórn, leiðsögn nýliða og kennaranema samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar.

25. gr.

[Sveitarstjórnir skulu greiða upphæð er svarar til 1,3% af dagvinnulaunum kennara og skólustjóra í sveitarfélaginu í sérstakan sjóð er Samband íslenskra sveitarfélaga annast rekstur á og varðveitir.]¹⁾ Úr sjóði þessum skulu greidd laun kennara og skólustjóra við grunnskóla vegna námsleyfa allt að einu ári. Heimilt er að veita úr sjóðnum ferðastyrki og styrki til viðbótar námsleyfi.

Sjóðnum stjórnar fimm manna stjórn. Heildarsamtök kennara á skyldunámsstigi skulu tilnefna tvo stjórnarmenn en stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga þrjá. Varamenn skulu valdir með sama hætti.

Stjórn sjóðsins metur umsóknir um framlög úr sjóðnum og ákveður árlega úthlutun. Úthlutun skal lokið eigi síðar en 1. desember ár hvert.

Samband íslenskra sveitarfélaga annast og kostar skrifstofuhald fyrir stjórn sjóðsins og skulu endurskoðaðir reikningar hans birtir árlega með rekstrarreikningi sambandsins.

Öllum tekjum sjóðsins skal varið til greiðslu á launum vegna námsleyfa og styrkveitinga, sbr. 1. mgr. Tilnefningaraðilar greiða kostnað af öllum störfum fulltrúa sinna í sjóðstjórn.

Stjórn sjóðsins setur sér starfsreglur og birtir þær.

¹⁾[L. 11/1997, 1. gr.](#)

V. kafli.

Starfstími grunnskóla.

26. gr.

[Starfstími grunnskóla skal á hverju skólaári vera níu mánuðir. Kennsludagar skulu ekki vera færri en 170.]¹⁾

Með hliðsjón af atvinnuháttum og aðstæðum í einstökum skólahverfum getur menntamálaráðherra veitt tímabundna undanþágu frá framangreindum ákvæðum.

¹⁾[L. 77/1996, 4. gr.](#)

27. gr.

Kennsludagur grunnskólanemenda skal hefjast að morgni og vera samfelldur með eðlilegum stundahléum og matarhléi. Stundahlé í grunnskóla skulu að lágmarki vera 15 mínútur á móti hverjum 100 mínútum sem kenndar eru og matarhlé að lágmarki 30 mínútur.

Vikulegur kennslutími hvers nemanda í grunnskóla skal að lágmarki vera:

1200 mínútur (30 kennslustundir) í 1.–4. bekk

1400 mínútur (35 kennslustundir) í 5.–7. bekk

1480 mínútur (37 kennslustundir) í 8.–10. bekk

Við ákvörðun daglegs og vikulegs starfstíma nemenda í grunnskóla skal þess gætt að í heild fari hann ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska.

Skólastjóri ákveður lengd kennslustunda í samráði við kennararáð/kennarafund. Meðallengd kennslustunda í grunnskóla skal vera 40 mínútur.

Sveitarstjórn getur boðið grunnskólanemendum lengda viðveru utan daglegs kennslutíma.

28. gr.

Í grunnskóla skal jólaleyfi nemenda vera frá og með 21. desember til og með 3. janúar og páskaleyfi frá pálmásunnudegi til og með þriðjudegi eftir páska.

VI. kafli.

Námskrár og kennsluskipan.

29. gr.

Menntamálaráðherra setur grunnskólum aðalnámskrá. Í henni er m.a. kveðið nánar á um uppeldishlutverk grunnskólans og meginstefnu í kennslu og kennsluskipan í samræmi við hlutverk grunnskólans, sbr. 2. gr.

Í starfi skólans skal leggja áherslu á:

— að efla sjálfsvitund og félagsvitund nemenda,

— að stuðla að líkamlegri og andlegri velferð, heilbrigðum lífsháttum og ábyrgri umgengni við líf og umhverfi,

— þjálfun í íslensku í öllum námsgreinum og leikræna og listræna tjáningu,

— hæfni nemenda til að skilja orsakasamhengi og draga rökréttar ályktanir,

— skilning og frjótt, skapandi starf og jafnvægi milli bóklegs og verklegs náms,

— að nýta leiki barna sem náms- og þroskaleið,

— að námið nýtist nemendum í daglegu lífi, frekara námi og starfi,

— að búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi,

— margvíslegar leiðir við öflun þekkingar með notkun tæknimiðla, upplýsingatækni, safna- og heimildavinnu,

náms- og starfsfræðslu, kynningu á atvinnulífi og námsleiðum til undirbúnings náms- og starfsvals.

Við setningu aðalnámskrár, skipulagningu náms og kennslu og við gerð og val námsgagna skal þess sérstaklega gætt að allir nemendur fái sem jöfnust tækifæri til náms, sbr. 2. gr.

Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, búsetu, stéttar, trúarbragða eða fötlunar.

Í öllu skólstarfi skal tekið mið af mismunandi persónugerð, þroska, hæfileikum, getu eða áhugasviðum nemenda.

30. gr.

Í aðalnámskrá¹⁾ skal kveðið á um meginmarkmið náms og kennslu. Í aðalnámskrá skal tilgreina kjarnagreinar og kveða á um uppbyggingu og skipan náms í grunnskóla, svo og hlutfallslega skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina. Þess skal gætt að námið verði sem heildstæðast.

Í aðalnámskrá skal setja ákvæði um inntak og skipulag náms á þeim sviðum sem hér verða talin:

a.

íslenska,

b.

stærðfræði,

c.

erlend tungumál, þ.e. enska og danska (eða annað Norðurlandamál),

d.

listir og verkmenntir,

e.

náttúrufræði, umhverfis- og tæknimennt,

f.

heimilisfræði,

g.

skólaþróttir,

h.

samfélagsgreinar,

i.

kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði.

¹⁾Augl. 437/1996. Augl. 163/1999.

31. gr.

Í hverjum skóla skal árlega gefa út skólanámskrá og er skólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar. Skólanámskrá er unnin af kennurum skólans. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá og tekur

mið af sérstöðu skólans og aðstæðum. Hún er starfsáætlun skóla þar sem m.a. skal gerð grein fyrir skólatíma, skóladagatali, kennsluskipan, markmiðum og inntaki náms, námsmati, mati á skólastarfi, slysavörnum, félagslífi í skólanum og öðru því sem varðar starfsemi skólans. Skólanámskrá skal lögð fyrir skólanefnd og foreldraráð til umsagnar ár hvert.

32. gr.

Í 9. og 10. bekk mega námsgreinar vera að hluta frjálst val nemenda. Verja má allt að þriðjungi námstímans í valgreinar. Heimilt er að meta tímabundna þátttöku í atvinnulífi sem nám, enda sé það skipulagt í samráði við skólann.

Menntamálaráðherra setur nánari reglur¹⁾ um valgreinar.

¹⁾[Rg. 387/1996.](#)

33. gr.

Kennsla í skyldunámi í opinberum grunnskólum skal veitt nemendum þeim að kostnaðarlausu og er óheimilt að krefja nemendur eða forráðamenn þeirra um greiðslur fyrir kennslu, námsgögn eða annað efni er nemendum er gert skylt að nota í námi sínu og samrýmist ákvæðum laga þessara og aðalnámskrá.

Ríkinu er skylt að leggja til og kosta kennslu- og námsgögn er fullnægja ákvæðum aðalnámskrár.

Opinberum aðilum er ekki skylt að leggja nemendum til gögn til persónulegra nota, svo sem ritföng og pappír.

Námsgagnastofnun skal tryggja að ætíð sé völ á námsbókum og öðrum námsgögnum sem standast kröfur gildandi laga og aðalnámskrár, annaðhvort með eigin útgáfu eða útvegum frá öðrum aðilum. Menntamálaráðherra setur í reglugerð ákvæði um endurgjaldslausu úthlutun námsgagna til nemenda í skyldunámi að fengnum tillögum námsgagnastjórnar.

Ef vafi leikur á að námsgögn uppfylli skilyrði gildandi laga og aðalnámskrár má vísa til menntamálaráðuneytisins sem úrskurðar í málinu.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd greinar þessarar.

34. gr.

Í öllum grunnskólum skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi á vegum skólans. Tómstunda- og félagsstarf getur bæði verið liður í daglegu starfi og utan venjulegs skólatíma.

Í félagsstarfi skal m.a. að því stefnt að nemendur verði færir um að taka að sér félagsleg störf í þjóðfélaginu.

VII. kafli.

Réttindi og skyldur nemenda.

35. gr.

Börnum og unglíngum er skylt að sækja grunnskóla fá þau ekki hliðstæða kennslu annars staðar, sbr. 7. og 56. gr. þessara laga.

Skólaskylda barns hefst við upphaf skólaárs á því almanaksári sem barnið verður sex ára. Foreldrar eða forráðamenn barns geta sótt um eða samþykkt að það hefji skólagöngu fyrr eða síðar en segir í lögum þessum um skólaskyldu sex ára barna. Skólastjóri getur veitt slíka heimild að fenginni umsögn sérfræðipjónustu.

Ljúki nemandi öllu námi grunnskóla með tilskildum árangri á skemmri tíma en tíu árum telst hann hafa lokið skyldunámi.

Foreldrar eða forráðamenn geta sótt um eða samþykkt að skólastjóri heimili nemanda að hverfa frá grunnskólanámi að loknum 9. bekk í allt að eitt ár vegna þátttöku í atvinnulífi og lýkur nemandi þá grunnskólanámi síðar. Heimilt er að meta þessa þátttöku nemanda í atvinnulífi til jafns við nám í tilteknum valgreinum 10. bekkjar.

Menntamálaráðherra er heimilt að veita nemanda undanþágu frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein ef gild rök mæla með því. Enn fremur er ráðherra heimilt að viðurkenna nám utan grunnskóla sem jafngildi náms í skyldunámsgrein.

36. gr.

Nemendur, sem hafa annað móðurmál en íslensku, eiga rétt á sérstakri kennslu í íslensku.

Heimilt er að veita þessum nemendum undanþágu frá því að þreyta samræmt lokapróf í íslensku og leggja fyrir þá sérstakt lokapróf í íslensku.

Menntamálaráðherra setur nánari reglur¹⁾ um kennslu þessara nemenda.

¹⁾Rg. 391/1996.

37. gr.

Börn og unglingar, sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, sbr. [2. gr. laga nr. 59/1992](#), eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi.

Kennslan getur verið einstaklingsbundin eða farið fram í hópi innan eða utan almennra bekkjardeilda, í sérdeildum eða í sérskóla.

Meginstefnan skal vera sú að kennslan fari fram í heimaskóla. Telji foreldrar barns eða forráðamenn, kennarar eða aðrir sérfræðingar að barnið fái ekki notið kennslu við sitt hæfi í heimaskóla geta forráðamenn sótt um skólavist fyrir það í sérskóla.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð¹⁾ nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

¹⁾[Rg. 389/1996](#).

38. gr.

Sveitarfélög skulu annast rekstur sérdeilda/sérskóla fyrir nemendur sem ekki geta notið kennslu við hæfi í almennri bekkjardeild grunnskóla. Þeim er ætlað:

- að veita nemendum sérhæft námsumhverfi í lengri eða skemmri tíma,
- að veita starfsfólki almennra grunnskóla ráðgjöf og kennslufræðilegan stuðning.

Sérmenntaðir kennarar skulu annast kennslu í sérdeildum/sérskólum þar sem því verður við komið.

Menntamálaráðherra staðfestir starfsreglur sérdeilda/sérskóla að fengnum tillögum sveitarstjórna. Í starfsreglum skal kveðið á um frávík frá almennri námskrá og öðrum viðmiðunum laga um grunnskóla.

Fasteignir þeirra sérskóla er nú eru starfandi á þessu sviði skulu afhentar til þessarar starfsemi án leigu eða annarra gjalda en rekstraraðilar annast og kosta allan rekstur þeirra, þar með talið viðhald frá þeim tíma er lög þessi koma að fullu til framkvæmda.

Teljast síðar ekki þörf fyrir áframhaldandi rekstur einhverra þessara stofnana eða þeirra allra tekur ríkissjóður aftur við umráðum fasteigna þeirra og ráðstafar þeim til annarra nota.

39. gr.

Í grunnskóla er heimilt að stofna nemendaverndarráð til að samræma störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda varðandi námsráðgjöf, sérfræðipjónustu og heilsugæslu.

Menntamálaráðherra setur reglugerð¹⁾ um nemendaverndarráð.

¹⁾[Rg. 388/1996.](#)

40. gr.

Nemandi má ekki stunda vinnu á starfstíma skóla valdi hún því að nemandinn geti ekki rækt nám sitt sem skyldi eða notið nauðsynlegrar hvíldar að dómi skólustjóra og kennara. Í slíkum tilfellum skal skólustjóri gera nemanda, forráðamanni hans og hlutaðeigandi vinnuveitanda viðvart. Verði ekki bót á ráðin skal vísa málinu til skólanefndar. Vilji forráðamaður barnsins ekki hlíta ákvörðun skólanefndar getur hvor aðili, forráðamaður eða skólustjóri, vísað málinu til barnaverndarnefndar.

41. gr.

Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks skóla í öllu því er skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisvenjum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin.

Ef nemanda reynist verulega áfátt í hegðun ber kennara hans að leita orsaka þess og reyna að ráða á því bót, m.a. með viðtölum við nemandann sjálfan og forráðamenn hans. Verði samt ekki breyting á til batnaðar skal kennari leita aðstoðar skólustjóra og sérfróðra ráðgjafa skólans.

Meðan mál skv. 2. mgr. eru útkljáð getur skólustjóri vísað nemanda úr skóla um stundarsakir, enda tilkynni hann forráðamönnum nemanda og skólanefnd tafarlaust þá ákvörðun. Takist ekki að leysa málið innan skólans tekur skólanefnd það til meðferðar. Takist skólanefnd ekki að leysa málið þannig að allir aðilar þess verði á sáttir fer um frekari meðferð þess skv. 3. mgr. 6. gr. þessara laga, að fenginni umsögn frá sérfræðipjónustu á vegum sveitarfélaga.

Óheimilt er að víkja nemanda úr skóla nema honum hafi verið tryggt annað úrræði.

Í reglugerð¹⁾ sem menntamálaráðherra setur skal mæla nánar fyrir um framkvæmd þessarar greinar.

¹⁾[Rg. 385/1996.](#)

VIII. kafli.**Sérfræðipjónusta.**

42. gr.

Öllum sveitarfélögum, er standa að rekstri grunnskóla, er skylt að sjá skólanum fyrir sérfræðipjónustu, bæði almennri og greinabundinni kennsluráðgjöf, er taki til þeirra námsgreina sem tilgreindar eru í 30. gr., námsráðgjöf og sálfræðipjónustu. Þar sem slík þjónusta er ekki rekin á vegum sveitarfélaga er sveitarstjórn skylt að semja um þjónustuna við önnur sveitarfélög, stofnanir, svo sem kennaramenntunarstofnanir, eða aðra aðila er veita þjónustu á þessu sviði.

Hverju sveitarfélagi er skylt að gera menntamálaráðuneyti grein fyrir skipulagi sérfræðipjónustu við skóla. Menntamálaráðherra setur reglugerð¹⁾ þar sem m.a. er kveðið á um lágmarkspjónustu á þessu sviði.

¹⁾[Rg. 386/1996.](#)

43. gr.

Sérfræðipjónustu skóla er ætlað að stuðla að því að kennslufræðileg og sálfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi. Kennurum og skólastjórnendum skal standa til boða ráðgjöf og stuðningur sérfræðipjónustu vegna almenns skólastarfs og einnig vegna nýbreytni- og þróunarstarfa. Sérfræðipjónusta skal gefa forráðamönnum kost á leiðbeiningum um uppeldi nemenda eftir því sem aðstæður leyfa.

Þá skulu starfsmenn sérfræðipjónustu vinna að forvarnastarfi með athugunum og greiningu á nemendum sem eiga í sálrænum eða félagslegum erfiðleikum hafi þessir erfiðleikar áhrif á nám nemenda og gera tillögur um úrbætur. Forráðamenn nemenda geta komið með ósk um slíka athugun. Starfsmenn skóla og heilsugæslu geta lagt fram ósk um athugun að fengnu samþykki forráðamanna.

Starfsmenn sérfræðipjónustu skulu vera kennarar með framhaldsmenntun, sálfræðingar og aðrir sérfræðingar.

IX. kafli.**Námsmat.**

44. gr.

Megintilgangur námsmats er örvun nemenda og námshjálp.

Með námsmati í grunnskóla skal afla sem öruggastrar vitneskju um árangur skólastarfsins. Hverjum kennara og skóla ber að fylgjast vandlega með því hvernig nemendum gengur að ná þeim námsmarkmiðum sem aðalnámskrá og skólinn setja þeim. Námsmat fer ekki einungis fram í lok námstímans heldur er það einn af föstum þáttum skólastarfs, órjúfanlegt frá námi og kennslu.

45. gr.

Námsmat í grunnskóla skal að jafnaði framkvæmt af kennurum skólans og skulu nemendur og forráðamenn þeirra fá glöggar upplýsingar um námsárangur. Kennarar skulu gefa vitnisburð a.m.k. í lok hvers skólaárs.

Óheimilt er að veita upplýsingar um vitnisburði einstakra nemenda öðrum en þeim sjálfum og forráðamönnum þeirra nema nauðsyn beri til vegna flutnings nemenda milli skóla. Þó skal heimilt að veita fræðslufirvöldum þessar upplýsingar og öðrum vegna fræðilegra rannsókna enda sé krafist fullrar þagnarskyldu.

Nemandi og forráðamaður hans hafa rétt til að skoða metnar prófurlausnir nemanda samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð¹⁾ sem menntamálaráðherra setur.

¹⁾[Rg. 710/1996.](#)

46. gr.

Samræmd próf í kjarnagreinum skulu lögð fyrir samtímis í öllum 4. og 7. bekkjum grunnskóla. Við lok grunnskóla skal leggja fyrir samræmd lokapróf í a.m.k. fjórum námsgreinum sem menntamálaráðherra ákveður.

Skólum skulu jafnframt standa til boða samræmd könnunarpróf og stöðluð kunnáttupróf til greiningar á námsstöðu nemenda.

Menntamálaráðherra leggur grunnskólum til samræmd próf og greiðir kostnað af störfum

trúnaðarmanna til eftirlits og umsjónar við framkvæmd samræmdra lokaprófa.

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, eða annar aðili sem menntamálaráðherra ákveður, hefur umsjón með gerð og framkvæmd þessara prófa.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð¹⁾ nánari ákvæði um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa.

¹⁾[Rg. 516/1996.](#)

47. gr.

Er grunnskólanámi lýkur skal nemandi fá skírteini er votti að hann hafi lokið skyldunámi samkvæmt lögum. Í skírteini skal skrá vitnisburð í þeim námsgreinum er nemandi lagði stund á í 10. bekk.

Menntamálaráðuneytið gefur út viðmiðanir fyrir slík skírteini.

48. gr.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð¹⁾ ákvæði um með hvaða hætti fylgst skuli með námsárangri nemenda í sérskólum og hjá öðrum þeim nemendum á skyldunámsaldri er taldir eru víkja svo frá almennum þroska að þeim henti ekki próf skv. 46. gr.

¹⁾[Rg. 709/1996.](#)

49. gr.

Sérhver grunnskóli innleiðir aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans. Á fimm ára fresti skal að frumkvæði menntamálaráðuneytisins gerð úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla.

X. kafli.

Skólaþróun, tilraunaskólar.

50. gr.

Kennarar og skólastjórar grunnskóla skulu, auk námsleyfa, sbr. 25. gr., eiga kost á endurmenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína, kynnast markverðum nýjungum í skóla- og uppeldismálum og njóta stuðnings við nýbreytni- og þróunarstörf. Til þessa verkefnis skal árlega veitt fé á fjárlögum.¹⁾

Að frumkvæði skólastjóra mótar hver skóli áætlun um hvernig endurmenntun starfsfólks hans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við þær áherslur sem fram koma í skólanámskrá.

¹⁾[Rg. 220/1999.](#)

51. gr.

Menntamálaráðherra ber ábyrgð á að fram fari mat á skólum og skólastarfi sem ætlað er að tryggja að skólahald sé í samræmi við ákvæði laga og aðalnámskrár. Menntamálaráðherra getur falið Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála eða öðrum aðilum að annast framkvæmd slíks mats.

Niðurstöður af mati á skólum og skólastarfi skulu m.a. hafðar til hliðsjónar við endurskoðun aðalnámskrár.

52. gr.

Alþingi veitir árlega fé á fjárlögum í þróunarsjóð grunnskóla. Menntamálaráðherra hefur umsjón með sjóðnum og setur reglur¹⁾ um styrkveitingar.

¹⁾[Rg. 657/1996.](#)

53. gr.

Menntamálaráðherra getur, með samþykki sveitarstjórnar, haft forgöngu um þróunar- og tilraunastarf í grunnskólum. Einnig getur hann veitt sveitarfélögum og einkaskólum heimild til að reka tilraunaskóla eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs með undanþágu frá ákvæðum laga og reglugerða. Slík undanþága getur t.d. varðað nám, starfstíma skóla, kennslutilhögun, stundafjölda o.s.frv., enda brjóti slíkar undanþágur ekki í bága við 2. gr. þessara laga eða þrengi hlutverk grunnskóla frá því sem þar er gert ráð fyrir.

Slíkum tilraunum skulu ávallt sett eðlileg tímamörk og kveðið á um úttekt að tilraun lokinni.

Menntamálaráðherra er heimilt að styrkja tilraunaskóla og sérstakar nýjungar eftir því sem fjárlög heimila hverju sinni.

XI. kafli.

Skólasöfn.

54. gr.

Í hverjum grunnskóla skal vera skólasafn. Skólasafn er eitt af meginhjálparkjómum í skólastarfinu og skal búnaður safnsins varðandi húsnæði, bókakost, önnur námsgögn og starfsfólk taka mið af því.

Sveitarstjórn er heimilt að sameina almenningubókasafn og skólasafn ef það, að mati skólanefndar og skólastjóra, rýrir ekki gildi safnsins fyrir skólann.

XII. kafli.

Heilsugæsla.

55. gr.

Um heilsugæslu í grunnskólum fer eftir gildandi lögum um heilbrigðisþjónustu. Heilbrigðisþjónusta skólahverfis skal hafa samráð við skólanefnd og skólastjóra um skipulagningu og fyrirkomulag heilsugæslu.

Skólastjóra ber að fylgjast með því að nemendur njóti heilsugæslu í skólanum í samræmi við þá tilhögun sem ákveðin hefur verið skv. 1. mgr.

Sveitarfélög greiða stofnkostnað húsnæðis í skólum sem ætlað er fyrir heilsugæslu og annast rekstur þess. Laun starfsmanna við heilsugæslu í skólum og sérgreindur kostnaður við þessa starfsemi greiðist sem annar kostnaður við rekstur almennrar heilsugæslu í heilsugæslustöð og fer um ráðningu starfsmanna með sama hætti.

XIII. kafli.

Einkaskólar.

56. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt að löggilda grunnskóla eða hluta grunnskóla, sbr. 3. gr., sem kostaðir eru af einstökum mönnum eða stofnunum ef þeir starfa samkvæmt reglugerð eða skipulagsskrá sem ráðuneytið staðfestir. Slíkir skólar hlíti sama eftirliti og reglum og aðrir grunnskólar. Börn, sem sækja þessa einkaskóla, hafa undanþágu skv. 7. gr. en forstöðumaður skal fyrir upphaf hvers skólaárs senda hlutaðeigandi skólanefnd skrá um nemendur og tilkynna sömu aðilum allar breytingar á nemendaskrá jafnóðum og þær verða.

Einkaskólar eiga ekki kröfu til styrks af almannafé.

Um námsmat í einkaskólum fer skv. 45. og 46. gr.

XIV. kafli.

Gildistaka.

57. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma að fullu til framkvæmda 1. ágúst 1996, enda hafi Alþingi þá samþykkt:

a.

Breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem tryggi öllum þeim kennurum og skólastjórnendum við grunnskóla, sem rétt hafa átt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, aðild að sjóðnum.

b.

Lög um ráðningarréttindi kennara og skólastjórnenda við grunnskóla sem tryggi þeim efnislega óbreytt ráðningarréttindi hjá nýjum vinnuveitanda. Komi upp ágreiningur milli samtaka kennara og sveitarfélags um form eða efni ráðningarréttinda getur hvor aðili um sig óskað gerðardóms í málinu.

c.

Breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og lögum um skiptingu skatttekna milli ríkis og sveitarfélaga með tilliti til þeirra auknu verkefna er sveitarfélög taka að sér samkvæmt lögum þessum.

...

Menntamálaráðherra ákveður í reglugerð¹⁾ hvaða ákvæði laga þessara koma til framkvæmda fyrir 1. ágúst 1996, þar með talið hvernig skuli, fram til þess tíma, haga ráðningu kennara og annarra starfsmanna grunnskóla sem starfa sem ríkisstarfsmenn.

¹⁾[Rg. 349/1995.](#)

Ákvæði til bráðabirgða.

[Ákvæði 3. gr. um einsetinn grunnskóla skal komið að fullu til framkvæmda að átta árum liðnum frá gildistöku laga þessara.

Ákvæði 2. mgr. 27. gr. um vikulegan kennslutíma á hvern nemanda skal koma til framkvæmda á árabílinu 1995–2001 sem hér segir:

Haustið 1995 fjölgar kennslustundum um sex, þannig að vikulegur kennslustundafjöldi nemenda verður að lágmarki sem hér segir:

1.–4. bekkur: 26 kennslustundir,

5.–7. bekkur: 29, 31 og 33 kennslustundir,

8.–10. bekkur: 34 kennslustundir.

Haustið 1996 fjölgi kennslustundum um 10, þannig:

1.–4. bekkur: 27 kennslustundir,

5.–7. bekkur: 30, 32 og 34 kennslustundir,

8.–10. bekkur: 35 kennslustundir.

Haustið 1997 fjölgi kennslustundum um 5, þannig:

1.–4. bekkur: 28 kennslustundir,

5.–7. bekkur: 31, 32 og 34 kennslustundir,

8.–10. bekkur: 35 kennslustundir.

Haustið 1998 fjölgi kennslustundum um 5, þannig:

1.–4. bekkur: 29 kennslustundir,

5.–7. bekkur: 32, 32 og 34 kennslustundir,

8.–10. bekkur: 35 kennslustundir.

Haustið 1999 fjölgi kennslustundum um 5, þannig:

1.–4. bekkur: 30 kennslustundir,

5.–7. bekkur: 32, 32 og 35 kennslustundir,

8.–10. bekkur: 35 kennslustundir.

Haustið 2000 fjölgi kennslustundum um 5, þannig:

1.–4. bekkur: 30 kennslustundir,

5.–7. bekkur: 33, 33, 35 kennslustundir,

8.–10. bekkur: 36 kennslustundir.

Haustið 2001 fjölgi kennslustundum um 7, þannig:

1.–4. bekkur: 30 kennslustundir,

5.–7. bekkur: 35 kennslustundir,

8.–10. bekkur: 37 kennslustundir.]¹⁾

1) [L. 77/1996, 5. gr.](#)